

# Ársskýrsla 2002



Reykjavík

Mái 2003

## Efnisyfirlit

<b>1. STEFNA ÁFENGIS- OG VÍMUVERNARÁÐS .....</b>	<b>3</b>
1.1 Staða og starfssvið.....	3
1.2 Leiðarljós.....	3
1.3 Hlutverk.....	3
1.4 Framtíðarsýn.....	3
1.5 Markmið .....	3
<b>2 HELSTU ÁHERSLUR ÁRSINS 2002 .....</b>	<b>6</b>
2.1 Rannsóknir .....	6
2.2 Forvarnasjóður .....	8
2.3 Heilsugæsla.....	9
2.4 Heimasíða og upplýsingar .....	10
2.5 Þroskaröskun og áhættuhegðun .....	12
2.6 Samstarf við sveitarfélög .....	12
<b>3. STARFSMANNAHALD OG HÚSNÆÐI .....</b>	<b>13</b>
<b>4. FULLTRÚAR .....</b>	<b>13</b>
<b>5. FUNDIR .....</b>	<b>14</b>
<b>6. RÁÐSTEFNUR OG ERLEND SAMVINNA.....</b>	<b>14</b>
<b>7. GREINASKRIF .....</b>	<b>15</b>
<b>8. SKIPTING FJÁRMUNA 2002 .....</b>	<b>15</b>
<b>9. VERKEFNI SEM HLUTU STYRKI ÚR FORVARNASJÓÐI 2002.....</b>	<b>17</b>
9.1 Verkefnalisti .....	17
9.2 Lýsing á verkefnum sem hlutu styrk úr Forvarnasjóði árið 2002 .....	20
<b>10. FRAMKVÆMDAÁÆTLUN .....</b>	<b>38</b>

**Áfengis- og vímuvarnaráð**  
Barónsstíg 47, 101 Reykjavík  
**Sími:** 5851470 **Myndsími:** 5851313  
**Netfang:** vimuvarnir@hr.is  
**Heimasíða:** www.vimuvarnir.is

## 1. Stefna Áfengis- og vímuvarnaráðs

### 1.1 Staða og starfssvið

Áfengis- og vímuvarnaráð heyrir undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og var stofnað með lögum um Áfengis- og vímuvarnaráð nr. 76/1998<sup>1</sup> í samræmi við aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum sem samþykkt var 3. desember 1996. Heilbrigðisráðherra skipar 8 fulltrúa, þar af formann og varaformann, í ráðið og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn. Forsætisráðherra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, dóms- og kirkjumálaráðherra, fjármálaráðherra, félagsmálaráðherra, menntamálaráðherra, utanríkisráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna hver sinn fulltrúa og varafulltrúa. Áfengis- og vímuvarnaráð tók formlega til starfa í ársbyrjun 1999.

### 1.2 Leiðarljós

Áfengis- og vímuvarnaráð leggur í starfi sínu áherslu á fagmennsku og sífellda þekkingarleit. Ráðið byggir starf sitt á niðurstöðum rannsókna á sviði vímuvarna og stöðugu mati á árangri vímuvarnaaðgerða. Ráðið starfar með öllum sem vinna að vímuvörnum hjá opinberum stofnunum, félagasamtökum eða á eigin vegum og hvetur til fjölbreyttra verkefna. Til að meta árangur verkefna er neysla þjóðarinnar á áfengi og vímuefnum könnuð og athuguð tíðni ýmissa vandamála þar sem vímuefnaneysla kemur við sögu, t.d. við innlagnir á sjúkrahús, afbrot og ölvunarakstur. Niðurstöður eru bornar saman milli svæða innanlands og utan.

### 1.3 Hlutverk

Meginhlutverk Áfengis- og vímuvarnaráðs er að efla og styrkja áfengis- og vímuvarnir, sérstaklega meðal barna og unglinga, og sporna við válegum afleiðingum ofneyslu vímuefna meðal landsmanna. Ráðið gerir tillögur til heilbrigðisráðherra um veitingu styrkja úr Forvarnasjóði<sup>2</sup> til verkefna á sviði áfengis- og vímuvarna.

### 1.4 Framtíðarsýn

Áfengis- og vímuvarnaráð er miðstöð vímuvarna í landinu. Það byggir starf sitt á nýjustu þekkingu hverju sinni, er bakhjarl og veitir þjónustu öllum þeim sem vinna að vímuvörnum í þjóðfélaginu. Hjá ráðinu er vistaður aðgengilegur upplýsingabanki um vímuvarnir.

### 1.5 Markmið


Markmiðið með starfsemi ráðsins er samkvæmt lögum að uppræta fíkniefnaneyslu og draga stórlega úr áfengisneyslu. Ráðið skal stuðla að samvinnu og samræmingu milli þeirra sem starfa að áfengis- og vímuvörnum, svo sem heilsugæslu og annarra heilbrigðisstofnana, félagsmálayfirvalda, sveitarfélaga, löggæslu, menntakerfis, refsivörslukerfis og félagasamtaka.

<sup>1</sup> Lög um Áfengis- og vímuvarnaráð eru á vefslóð Alþingis: [www.althingi.is](http://www.althingi.is) undir lagasafn.

<sup>2</sup> Reglugerð um Forvarnasjóð er á vefslóð Stjórnarráðsins: [www.stjr.is](http://www.stjr.is) undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, lög og reglugerðir.

Meginmarkmið Áfengis- og vímuvarnaráðs hefur falist í slagorðinu *vímulaus grunnskóli* sem jafnframt er eins konar samnefni í vímuvarnastarfi undanfarinna ára og markmið sem mjög margir sem vinna að vímuvörnum í landinu eru tilbúnir að sameinast um. Undanfarin ár hefur vaxandi áhersla verið lögð á vímulausa æsku undir sjálfræðisaldri og hvatningu til foreldra með kjörorðinu *18 ára ábyrgð*. Það er almennt viðurkennt að ávinningur felist í því að seinka því að börn byrji að neyta áfengis og þar með annarra vímuefna þar sem það auki líkur á að þau nái að fóta sig í lífinu. Öll börn og unglingar eiga rétt á að alast upp í umhverfi sem er verndað fyrir afleiðingum áfengis- og vímuefnaneyslu og, eftir því sem unnt er, markaðssetningu á slíkum varningi. Lögð hefur verið áhersla á að vinna að þessum markmiðum með því að beina tilmælum til foreldra um að setja börnum sínum mörk, sýna þeim áhuga og fylgjast með hvar og með hverjum þau eru. Helsta viðmiðunin, sem notuð hefur verið sem mælikvarði á hvort miðar í rétta átt, eru kannanir meðal nemenda efstu bekkja grunnskólans sem byrjað var að vinna á vegum Rannsóknarstofnunar uppeldis- og menntamála (RUM) en hafa hin síðari ár verið unnar af fyrirtækinu Rannsóknir og greining ehf. (R&G). Niðurstöður þessara kannana síðustu tvö ár gefa von um að árangur sé að nást innan grunnskólans (mynd 1).

**Þróun vímuefnaneyslu 15 ára unglunga (í 10. bekk) 1974-2002.**




Mynd 1.

Haustið 2000 var, í samvinnu við R&G o.fl., ráðist í rannsókn á lífsstíl meðal nemenda í framhaldsskólum landsins. Þessi könnun, *Ungt fólk í framhaldsskólum*, er að nokkru leyti sambærileg við rannsóknir, sem hafa verið lagðar fyrir í efstu bekkjum grunnskóla, og framhaldsskólakönnun sem gerð var 1992 (mynd 2). Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að dregið hafi úr ölvun meðal 16-19 ára nemenda í framhaldsskólum á Íslandi árið 2000 frá því árið 1992. Til að mynda svöruðu rúmlega 81% framhaldsskólanema að þeir hefðu orðið ölvaðir sl. 30 daga árið 1992 en tæplega 63% árið 2000. Niðurstöður könnunarinnar benda einnig til að dregið hafi úr daglegum reykingum nemenda milli þessara ára. Þannig reyktu rúmlega 21% 16-19 ára framhaldsskólanema daglega árið 1992 samkvæmt könnuninni en tæplega 19%

árið 2000. Þessar kannanir gefa hins vegar til kynna að neysla ólöglegra vímuefna hafi aukist meðal framhaldsskólanema á milli árunna 1992 og 2000. Mest er aukningin í neyslu á hassi en árið 1992 höfðu um 7% 16-19 ára nemenda í framhaldsskólum á Íslandi notað hass þrisvar sinnum eða oftar um ævina en um 12% árið 2000.

Þar sem stór hluti aldurhópsins 16-20 ára stundar ekki nám í framhaldsskóla og er undanskilinn í ofangreindum niðurstöðum var ákveðið að gera tilraun til að nálgast utanskólahópinn með póstkönnun annars vegar og viðtalskönnun hins vegar. Niðurstöður úr þeirri rannsókn liggja ekki fyrir að svo stöddu.

**Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema á Íslandi sem reykja daglega, hafa orðið ölvaðir 1 sinni eða oftar síðastliðna 30 daga og hafa notað hass 1 sinni eða oftar um ævina.**



Rannsóknir og greining ehf.

Mynd 2.

## 2 Helstu áherslur ársins 2002

### 2.1 Rannsóknir

Deilimarkmið: Allar aðgerðir ráðsins byggjast á niðurstöðum markvissra rannsókna og eru metnar með tilliti til árangurs.

Rannsóknir eru mikilvægt verkfæri í forvarnastarfi og á grundvelli þeirra er m.a. hægt að meta hvaða áherslur skuli leggja hverju sinni. Áfengis- og vímuvarnaráð stefnir að því að veita yfirlit yfir áfengis- og vímuefnaneyslu í landinu, skaðsemi og kostnað þjóðfélagsins af völdum hennar eftir því sem unnt er og að hafa niðurstöðurnar aðgengilegar fyrir sem flesta sem vinna að vímuvörnum. Í því skyni leggur ráðið upp úr reglubundnum neyslu- og lífsstílskönnunum meðal ýmissa aldurshópa, gæðabundnum rannsóknum, t.d. á aðstæðum og líðan barna og unglunga, rannsóknum til að meta árangur af verkefnum sem styrkt eru af Forvarnasjóði, úrvinnslu rannsókna sem eru hafnar en ekki er lokið við að vinna úr og víðtæku samstarfi við sem flesta sem stunda rannsóknir á heilbrigði og lífsstíl. Unnið er samkvæmt rannsóknaráætlun Áfengis- og vímuvarnaráðs (tafla 1) sem samþykkt var á fundi ráðsins 27. nóv. 2001.

Tafla 1.			
Rannsóknaráætlun Áfengis- og vímuvarnaráðs 2002-2012			
Ár	Unglingarannsóknir	Fullorðinsrannsóknir	Aðrar rannsóknir
2001	Vímukönnun. R&G.	Áfengis- og vímuefnaneysla Íslendinga. IMG-Gallup.	
2002	Vímukönnun. R&G.		Mat á Íslandi án eiturlyfja. IMG - Gallup. Úrvinnsla úr fyrri könnunum. R&G. Skilgreindir markhópar 16–20 ára. Eigindlegar rannsóknir. R&G.
2003	ESPAD + Ungt fólk. R&G.		
2004	Jafningjahópurinn (Eigindleg rannsókn). R&G.		Lífsstíll framhaldsskólanema. R&G.
2005	Vímukönnun minni. R&G.		Lífsstíll ungs fólks utan framhaldsskóla. R&G. Úrvinnsla fyrri kannanna. R&G.
2006		Almenningskönnun	Áhættuþættir reykvískra unglunga. S.A.
2007	Ungt fólk + ESPAD. R&G.		
2008			Lífsstíll framhaldsskólanema. R&G.
2009	Vímukönnun. R&G.		Lífsstíll ungs fólks utan framhaldsskóla. R&G.
2010			
2011	ESPAD + Ungt fólk. R&G.	Lífsstíll – víma, almenningskönnun	Áhættuþættir reykvískra unglunga. S.A.
Skýring	S.A. = Könnun Sigrúnar Aðalbjarnardóttur, úrtak úr árgangi '79. R&G = Rannsóknir og greining ehf.		

- **Áfengi og önnur vímuefni - ýmsar tölulegar upplýsingar**

Skýrsla var gefin út í maí 2002 með ýmsum tölulegum upplýsingum sem gefa vísendingar um áfengis- og vímuefnaneyslu í landinu og skaðvænlegar afleiðingar hennar. Þórunn Steindórsdóttir, félagsfræðingur og starfsmaður Áfengis- og vímuvarnaráðs, vann skýrsluna. Skýrslan var prentuð í 300 eintökum sem fljótt gengu til þurrðar en einnig má ná í skýrsluna á [www.vimuvarnir.is](http://www.vimuvarnir.is). Jafnframt er ensk þýðing af skýrslunni á heimsíðunni. Stefnt er að því að uppfæra skýrsluna árlega.

- **Ungt fólk utan framhaldsskóla - sérhópar**

Árið 2001 gerðu Rannsóknir og greining lífsstílskönnun meðal ungs fólks á aldrinum 16 - 20 ára utan framhaldsskóla. Könnunin var gerð í samvinnu við Áfengis- og vímuvarnaráð, Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur, Rauða kross Íslands og Félagsþjónustuna í Reykjavík. Þetta var póstkönnun sem lögð var fyrir rúmlega 2000 manna úrtak. Svörun var ekki eins og best verður á kosið enda erfitt að nálgast hópinn. Ákveðið var að fylgja rannsókninni eftir með viðtalskönnun við sérvalda markhópa, s.s. ungmenni af erlendum uppruna, ungar mæður og ungt fólk sem hefur farið í vímuefnaferð. Undirbúningur viðtalskönnunarinnar fór fram á haustmánuðum 2002 og er stefnt að því að hún verði gerð árið 2003.

- **Vímuefnakönnun meðal nemenda í 8.-10. bekkjum grunnskóla á Íslandi**

Rannsóknir og greining gerðu vímuefnakönnun meðal nemenda í 8. - 10. bekk grunnskóla á Íslandi vorið 2002 í samvinnu við Áfengis- og vímuvarnaráð og Samstarfsnefnd Reykjavíkur um afbrota- og fíkniefnavarnir. Í könnuninni voru 14 spurningar um neyslu nemenda á tóbaki, áfengi og ólöglegum vímuefnum. Með slíkri könnun hefur notkun þessa aldurshóps á tóbaki, áfengi og ólöglegum vímuefnum verið mæld á hverju ári í 6 ár.

- **Mat á áætluninni *Ísland án eiturlyfja***

Áætluninni *Ísland án eiturlyfja* lauk formlega í mars sl. Árangur verkefnisins var metinn frá ýmsum hliðum með aðstoð IMG-Gallup og byggðist matið að miklu leyti á rannsóknaniðurstöðum frá Rannsóknun og greiningu ehf.

Árangur verkefnisins var einkum þessi: 1) Í viðhorfskönnun kom fram að nafn verkefnisins er vel þekkt en 86% aðspurðra höfðu heyrt um það. Af þeim svöruðu 60% að þeim þætti verkefnið hafa stutt vel við forvarnir í landinu og að það væri mikilvæg „regnhlíf“ yfir forvarnastarf í landinu. 2) Skilaboð, sem beint var til foreldra um að fara eftir opinberum útivistarreglum og að fylgja barninu eftir í leik og starfi, virðast hafa borið árangur ef marka má niðurstöður kannana úr efstu bekkjum grunnskóla. 3) Á vegum áætlunarinnar hefur fjölmörgum verkefnum verið ýtt úr vör og eru mörg þeirra þess eðlis að aðrir halda þeim áfram þótt áætluninni sé formlega lokið. 4) *Ísland án eiturlyfja* hefur gegnt mikilvægu hlutverki við að sameina krafta margra faghópa, félaga og stofnana sem vinna að forvörnum og rutt úr vegi fordómum og samkeppni á milli þeirra. Samstarfið hefur leitt af sér nýjar hugmyndir, aðferðir og leiðir. 5) Forsvarsmenn áætlunarinnar lögðu frá upphafi áherslu á rannsóknir og gagnasöfnun sem nú hefur sannað mikilvægi sitt.

Það sem betur hefði mátt fara var hins vegar: 1) Gæta þarf að forvörnum í fleiri hópum samfélagsins en einungis meðal unglina. 2) Nafnið *Ísland án eiturlyfja* fór fyrir brjóstið á mörgum sem fannst það óraunhæft og kvartað var undan því að erfitt hefði verið að átta sig á hvaða verkefni voru á vegum áætlunarinnar og hvaða verkefni voru það ekki. 3) Gott hefði mátt gera betra með því að fá enn fleiri faghópa til liðs við áætlunina, t.d. heilbrigðisstarfsfólk, íþróttahreyfinguna og starfsfólk grunnskólanna. 4) Verkefnið hefði mátt vera sýnilegra í fjölmiðlum en raun bar vitni.

- **Eyjaverkefnið**

Eyjaverkefnið er samnorrænt framhaldsskólaverkefni með aðild Íslands, Álandseyja, Færeyja og Grænlands, styrkt af sjóðum Norrænu ráðherranefndarinnar. Ísland gegnir forystuhlutverki í verkefninu og veita formaður og framkvæmdastjóri Áfengis- og vímuvarnaráðs, Þórólfur Þórlindsson, prófessor, og Þorgerður Ragnarsdóttir, því forstöðu en starfsmaður þess er Þórunn Steindórsdóttir, félagsfræðingur. Undirbúningur verkefnisins hefur staðið frá árinu 2001 en það kom til framkvæmda á haustönn 2002 á Íslandi og á Álandseyjum. Á Grænlandi og í Færeyjum er gert ráð fyrir framkvæmd verkefnisins á haustönn 2003. Þrjár framhaldsskólar á Norðurlandi tóku þátt í verkefninu fyrir Íslands hönd haustið 2002, þ.e. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra á Sauðárkróki, Menntaskólinn á Akureyri og Verkmenntaskólinn á Akureyri.

Markmið verkefnisins er að veita nýnemum í framhaldsskóla stuðning til að takast á við byrjunarerfiðleika vegna breyttra aðstæðna. Árangur verkefnisins er metinn með viðtölum og spurningalistum sem voru lagðir fyrir þátttakendur áður en stuðningurinn er veittur og eftir að honum lauk.

Þrjú meginþættir verkefnisins eru:

1. Forkönnun með viðtölum og spurningalistum – lagt fyrir alla nýnema á haustönn 2002.
2. Vinna í tveimur 8 manna stuðningshópum í hverjum skóla sem hittast undir leiðsögn námsráðgjafa eða forvarnafulltrúa í 8 skipti á haustönn. Valið í stuðningshópum var tilviljanakennt úr markhópi nemenda sem ekki geta búið heima hjá foreldrum á námstímanum. Í stuðningshópunum hér á landi var stuðst við stuðningskerfið „Sjálfstæði - öryggi - árangur“ eftir námsráðgjafana Önnu Sigurðardóttur, Björgu Birgisdóttur og Sigríði Huldu Jónsdóttur. Vinna með stuðningshópunum í skólunum var á höndum Herdísar Zophaníasdóttur í MA, Karenar Malmquist í VMA og Þorkels Þorsteinssonar í FNV.
2. Eftirkönnun með viðtölum og spurningalistum – lagt fyrir alla nýnema á vorönn 2003.

Gert er ráð fyrir að reynslan af verkefninu verði kynnt á 19. norrænu vímuvarnaráðstefnunni sem haldin verður í Reykjavík haustið 2003.

- **Niðurstöður almenningskönnunar 2001**

Niðurstöður rannsóknar á áfengis- og vímuefnaneyslu Íslendinga, sem gerð var af Gallup fyrir Áfengis- og vímuvarnaráð haustið 2001, nýtast vísindamönnum á þessu sviði til frekari rannsóknarstarfa. Vert er að nefna að Hildigunnur Ólafsdóttir nýtir niðurstöðurnar bæði í norrænu og alþjóðlegu rannsóknasamstarfi, t.d. í sk. GENACIS-könnun. Einnig má nefna að grein Tómasar Helgasonar, Kristins Tómassonar og Tómasar Zoëga „Algengi og dreifing notkunar geðdeyfðar-, kvíða- og svefnlyfja“, sem birtist í Læknablaðinu 2003/89, bls. 15-22, er að hluta til byggð á niðurstöðum úr þessari könnun. Greinin er einnig birt á [www.vimuvarnir.is](http://www.vimuvarnir.is).

## 2.2 Forvarnasjóður

*Deilimarkmið: Forvarnasjóður nýtist til fjölbreyttra forvarnaverkefna um land allt.*

Forvarnasjóður var skilgreindur í lögum um gjald af áfengi árið 1995 og árið 1996 var í fyrsta skipti úthlutað styrkjum úr honum. Árið 2002 var því styrkjum úr sjóðnum úthlutað í 7. skipti. Frá því Áfengis- og vímuvarnaráð tók til starfa, í ársbyrjun 1999,

hefur það skv. lögum nr. 76/1998 gert tillögu til heilbrigðisráðherra um úthlutun úr sjóðnum.

Undanfarin ár hefur skapast sú hefð að auglýsa eftir umsóknum um styrki úr Forvarnasjóði í dagblöðum fyrsta sunnudag janúarmánaðar. Samkvæmt því var Forvarnasjóður auglýstur í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sunnudaginn 6. janúar 2002 og var umsóknarfrestur til 31. janúar 2002. Alls bárust 130 umsóknir um hátt í 200 milljónir króna. Úthlutað var tæpum 34 milljónum króna til 50 verkefna. Að vanda var 10 milljónum úthlutað til áfangaheimila. Auk þess var haldið til hliðar 4,5 milljónum króna sem áætlað var að verja til landsbyggðarmiðaðs verkefnis sem var í undirbúningi í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Formleg úthlutun styrkja fór fram 16. maí við hátíðlega athöfn í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu. Við það tækifæri ávarpaði Guðríður Þorsteinsdóttir, lögfræðingur, samkomuna fyrir hönd heilbrigðisráðherra, Þórunn Steindórsdóttir, félagsfræðingur hjá ÁVVVR, kynnti nýútkomna skýrslu „Áfengi og önnur vímuefni: Ýmsar tölulegar upplýsingar“ og Jóhann Ingi Gunnarsson, sálfræðingur, kynnti verkefnið „Öflugt sjálfstraust“ sem unnið er á vegum Vímulausrar æsku. Loks fluttu sigurvegarar úr söngkeppni Félags framhaldsskólanema tónlistaratriði, þær Eva Karlotta Einarsdóttir, Ragna Dís Einarsdóttir og Björg Pálsdóttir, sem allar eru nemendur í Fjölbautaskóla Norðurlands vestra.

Upplýsingabæklingur um Forvarnasjóð var gefinn út um áramót og sendur til allra sveitarfélaga landsins og til allra sem höfðu áður fengið styrki úr Forvarnasjóði. Eintök af bæklingnum eru fánleg hjá Áfengis- og vímuvarnaráði og hann er á heimasíðu ÁVVVR, en ráðgert er að endurnýja og gefa hann út árlega.

Lögð er áhersla á að öll verkefni sem njóta styrkja úr Forvarnasjóði séu merkt með einkennismerki Áfengis- og vímuvarnaráðs eða að framlag sjóðsins sé, eftir því sem kostur er, kynnt í tengslum við verkefnið. Forvarnasjóður er opinber sjóður sem almenningur á rétt á að vita hvernig er varið.

Verkefni sem hljóta styrki úr Forvarnasjóði eru kynnt í ársskýrslu Áfengis- og vímuvarnaráðs og á heimasíðunni [www.vimuvarnir.is](http://www.vimuvarnir.is). Gerð er krafa til styrkþega um að gera grein fyrir framvindu og stöðu verkefnanna hverju sinni. Í sumum tilfellum, sérstaklega þegar um stór verkefni er að ræða, hefur Áfengis- og vímuvarnaráð látið meta verkefnin með tilliti til markmiðssetningar, framkvæmdar og árangurs eftir því sem kostur er. Sérstök ástæða er til að nefna tvö verkefni sem hafa verið metin á þann hátt en það eru sveitarfélagaverkefni SÁÁ og heilbrigðisráðuneytisins og áætlunin *Ísland án eiturlyfja*.

### 2.3 Heilsugæsla

*Deilimarkmið: Ráðið hvetur til þess að innan heilsugæslunnar sé mótuð uppbyggileg vímuvarna- og íhlutunarstefna.*

Undanfarin ár hefur Áfengis- og vímuvarnaráð hvatt til umræðu um þátttöku heilsugæslunnar í vímuvörnum og hvernig hægt sé að efla forvarnastarf á vegum hennar. Sú vinna hefur m.a. leitt til námskeiða sem haldin voru fyrir starfsfólk heilsugæslu á haustdögum 2001, könnunar á því hvernig unnið er að vímuvörnum í ung- og smábarnavernd og hvað sé til úrbóta, tilraunir með unglíngamóttöku á



nokkrum heilsugæslustöðvum og gerð upplýsingaefnis til notkunar í mæðravernd og ung- og smábarnavernd.

### • **Könnun á framboði og notkun fræðsluefnis**

Starfsfólk Miðstöðvar ung- og smábarnaverndar fékk styrk úr Forvarnasjóði til að gera könnun á fræðsluefni, framboði og notkun á fræðsluefni um áfengis- og vímuvarnir til notkunar í ung- og smábarnavernd og skólaheilsuvernd. Gert er ráð fyrir að niðurstöður liggi fyrir vorið 2003.


### • **Mæðravernd**

Bæklingurinn „*Vímefni og meðganga*“, sem ætlaður er verðandi foreldrum, var samstarfsverkefni Áfengis- og vímuvarnaráðs, Landlæknisembættisins og Miðstöðvar mæðraverndar. Jóna Dóra Kristinsdóttir, ljósmóðir á Miðstöð mæðraverndar, fylgdi bæklingnum úr hlaði með fyrirlestri fyrir starfsfólk mæðraverndar um þær upplýsingar sem bæklingurinn er byggður á og hvernig er hægt að nýta hann í mæðraverndarstarfi. Bæklingurinn getur auk þess komið að notum sem kennsluefni í skólum. Hann fæst endurgjaldslaus hjá Áfengis- og vímuvarnaráði og er á heimasíðu ÁVVVR.



### • **Ung- og smábarnavernd**

Gyða Haraldsdóttir, sálfræðingur á Miðstöð heilsuverndar barna, fékk styrk úr



Forvarnasjóði 2002 til að útbúa fræðsluefni um uppeldisráðgjöf til notkunar í ung- og smábarnavernd. Hún byrjaði á að kanna áhuga á slíkri ráðgjöf meðal starfsfólks ung- og smábarnaverndar og þeirra foreldra sem þangað koma með börn sín. Niðurstöður könnunarinnar leiddu í ljós áhuga og þörf á uppeldisráðgjöf á vegum ung- og smábarnaverndar. Í framhaldi af því hefur Gyða útbúið upplýsingabæklinginn „*Agi, uppeldi og hegðun – minnispointar fyrir foreldra og aðra uppalendur*“ og er gert ráð fyrir að rætt sé um efni hans þegar komið er með börn í ung- og smábarnaskoðun á heilsugæslustöðvar. Ýtarefni með bæklingnum er í vinnslu og Gyða fylgir bæklingnum úr hlaði með fyrirlesturum og

námskeiðum fyrir starfsfólk ung- og smábarnaverndar.

### • **Unglingamóttökur**

Nokkrar heilsugæslustöðvar hafa fengið styrki úr Forvarnasjóði til að opna unglingamóttökur. Yfirleitt er um að ræða tilraunir í smáum stíl þar sem ákveðinn tími á heilsugæslustöðinni – yfirleitt nokkrir klukkutímar á viku – er helgaður unglingum. Þennan tíma er lögð áhersla á sérþarfir unglinga og er hann auglýstur í skólum í umdæmi heilsugæslustöðvanna. Þetta hefur gefið góða raun þar sem það hefur verið reynt. Þangað leita unglingar, mest þó stúlkur, með spurningar og vandamál út af kynlífi, þunglyndi, vímuefnaneyslu, einelti, samskiptaörðugleikum o.s.frv.

## 2.4 Heimasíða og upplýsingar

Deilimarkmið: Áfengis- og vímuvarnaráð reki aðgengilegt, þjónustumiðað gagnasafn og heimasíðu og hafi í boði úrval fyrirlestra og kynningarefnis.

### • **Bókasafn**

Hjá ráðinu er til nokkuð umfangsmikið bóka- og gagnasafn um áfengis- og vímuvarnir. Auður Björg Ingadóttir, bókasafnsfræðingur, lauk við að efnistaka bókakost Áfengis- og vímuvarnaráðs og Fræðslumiðstöðvar í fíknivörnum árið 2000.

Heimildirnar voru skráðar í bókasafnsforritið Feng til þess að gera skráðar heimildir þar aðgengilegar á netinu. Hins vegar hefur áætlun um netaðgang að Feng dregist. Nú er áætlað að nýtt tölvukerfi fyrir bókasöfn verði tekið í notkun á Íslandi árið 2003 og munu skráningar í Feng ganga þar inn í.



• **Upplýsingavefurinn** [www.vimvarnir.is](http://www.vimvarnir.is)

Vefur Áfengis- og vímuvarnaráðs var endurnýjaður á árinu og hafði Ragnheiður Jónsdóttir, verkefnisstjóri hjá Áfengis- og vímuvarnaráði, veg og vanda af þeirri vinnu. Vefurinn hefur að geyma ýmsan fróðleik um atburði, vímuvarnaverkefni og fræðsluefni sem tengjast vímuvörnum. Á vefnum getur fólk aflað

sér upplýsinga um lög og reglugerðir sem varða áfengis- og vímuvarnir, nýjustu rannsóknir hverju sinni og Forvarnasjóð. Þar er einnig að finna lista með nöfnum fyrirlesara um vímuvarnir og málefni þeim skyld auk lista yfir námskeið og ráðstefnur sem eru í boði hverju sinni. Síðast en ekki síst er að finna upplýsingar um það hvert fólk getur leitað lendi það í vanda og einnig er hægt að senda inn spurningar tengdar áfengis- og vímuefnaneyslu. Forsíðuna prýðir falleg, björt og jákvæð mynd Daða Guðbjörnssonar listmálara „Sona í flugferð“.

• **Náum áttum**

Náum áttum er opinn samstarfshópur um fræðslu- og fíkniefnamál og árið 2002 áttu aðild að starfinu Áfengis- og vímuvarnaráð, Rauðakrosshúsið, Geðrækt, Götusmiðjan, Landlæknisembættið, Vímulaus æska, Barnaverndarstofa, Ísland án eiturlyfja, Samstarfsnefnd Reykjavíkur um afbrota- og fíkniefnavarnir, fulltrúar framhaldsskólanna, Heimili og skóli, lögreglan í Reykjavík, Bindindissamtökin IOGT og ríkislögreglustjórinn. Hópurinn hefur síðan haustið 2000 staðið fyrir morgunverðarfundum með fyrirlestrum nokkrum sinnum yfir vetrartímann. Meðal efnis á þeim 5 fundum, sem haldnir voru árið 2002, var:

1. *Ungt fólk, samfélagsleg gildi, siðferði, uppeldismál og hlutverk fjölskyldunnar, frelsishugtakið m.a. með tilliti til fíkniefnaneyslu og stöðu ungs fólks í dag, hlutverk kirkjunnar og stefna hennar í forvarnamálum.* Um þetta málefni fjölluðu dr. Vilhjálmur Árnason, heimspekingur, dr. Sigrún Júlíusdóttir, félagsfræðingur, og sr. Halldór Reynisson. Fundarstjóri var sr. Jóna Hrönn Bolladóttir.
2. *PMT-meðferðarúrræðið - fjölskyldumeðferð.* Dr. Marion Forgatch, sérfræðingur í fjölskyldumeðferð og rannsóknur og höfundur bóka og fræðsluefnis um sama efni, flutti erindi um PMT. Dr. Forgatch starfar hjá Oregon Social Learning Center í Eugene í Oregon í Bandaríkjunum þar sem hún stundar rannsóknir, meðferð, handleiðslu og kennslu í fjölskyldumeðferð.
3. *E-pillan og sjálfsvíg.* Kynning á nýrri skýrslu um e-pilluna og nýjar rannsóknarniðurstöður um skammtíma- og langtímaeituráhrif e-pillunnar. Magnús Jóhannsson, læknir og prófessor við Háskóla Íslands, og Salbjörg Bjarnadóttir, geðhjúkrunarfræðingur, fjölluðu um það.
4. *Verðlag á áfengi á Norðurlöndum í lok tuttugustu aldar og í náinni framtíð.* Esa Österberg hélt erindi um þróun skattlagningar og verðlags á áfengi á Norðurlöndum. Erindið byggðist á samanburðarrannsókn hans milli Norðurlandanna. Esa Österberg er hagfræðingur hjá STAKES í Finnlandi og höfundur fjölda greina og bókakafla um áfengisrannsóknir.
5. *Ofbeldi, sýnilegt og falið.* Rannveig Þórisdóttir, félagsfræðingur hjá embætti ríkislögreglustjóra, Kristján Ingi Kristjánsson, rannsóknarlögreglumáður í

ofbeldisbrotadeild lögreglunnar í Reykjavík, Brynjólfur Mogensen, sviðsstjóri slysa- og bráðasviðs LSH, og Grétar Jónasson, lögmaður og framkvæmdastjóri Landssambands lögreglumanna, fjölluðu um þetta efni.

- **Saman-hópurinn**

Frá áramótum 1999-2000 hefur hópur, sem starfað hefur undir nafninu Saman-hópurinn, unnið markvisst að velferð barna og ungmenna með auglýsinga- og hvatningarherferðum. Í hópnum eru fulltrúar frá Áfengis- og vímuvarnaráði, lögreglunni í Reykjavík, ríkislögreglustjóra, Félagsþjónustunni í Reykjavík, Íþrótt- og tómstundaráði Reykjavíkur, Félagsþjónustunni í Kópavogi, Heimili og skóla, SAMFOK, Fræðslumiðstöð í fíknivörnum, Götusmiðjunni, Rauðakrosshúsinu, Vímulausri æsku, Heilsugæslunni í Reykjavík, Akureyrarbæ og Þjóðkirkjunni.

Hópurinn hefur unnið að því að vekja athygli á hættum sem ógna börnum og ungmennum, vekja foreldra til umhugsunar um að þeir beri ábyrgð á uppeldi barna sinna til 18 ára aldurs og að hvetja til jákvæðra samskipta fjölskyldunnar. Því er beint til foreldra að virða reglur um útivistartíma, kaupa ekki eða bjóða unglíngum áfengi og að leyfa ekki eftirlitslaus partí. Einnig er bent á atburði þar sem líklegt er að aukning verði á neyslu vímuefna. Atburðir og tímamót, sem forvarnastarf hópsins beindist sérstaklega að á árinu 2002, voru lok samræmdra prófa, 17. júní, verslunarmannahelgin, menningarnótt auk þess sem minnt á útivistarreglur við skólabyrjun að hausti og um áramót. Í byrjun sumars var haldinn blaðamannafundur í Nauthólsvík þar sem auglýsingin „18 ára ábyrgð“ var kynnt. Skilaboðum hefur verið komið á framfæri í fjölmiðlum, með umræðum og auglýsingum.

## 2.5 Þroskaröskun og áhættuhegðun

*Deilimarkmið: Áfengis- og vímuvarnaráð vill stuðla að auknum skilningi uppalenda og starfsfólks skóla á tengslum þroskaröskunar og áhættuhegðunar.*

Sum verkefni, sem styrkir voru veittir til árið 2002, stuðla að aukinni þekkingu uppalenda og starfsfólks leikskóla og skóla á uppeldisaðferðum og viðbrögðum sem styðja við börn í áhættuhópum. Sem dæmi má nefna „Foreldrafærniþjálfun“ (PMT) sem er samstarfsverkefni skólaskrifstofu, félagsþjónustu og heilsugæslunnar í Hafnarfirði, „Börn eru líka fólk“ á vegum Vímulausrar æsku og Fjölskyldumiðstöðin sem er samstarfsverkefni Rauða kross Íslands, Reykjavíkurborgar, félagsmálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis, verkefnið „Agi til forvarna“ á vegum Heilsuverndar barna og loks „Forvarnir í leikskóla“ á vegum áhugahóps leikskólakennara. Hjá Áfengis- og vímuvarnaráði er áhugi fyrir að efla framboð námsfnis á þessu sviði, námskeiða og fyrirlestra fyrir foreldra og aðra sem ala upp börn og unglínga.

## 2.6 Samstarf við sveitarfélög

Samningur milli Áfengis- og vímuvarnaráðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga um að efla áfengis- og vímuvarnir í sveitarfélögum landsins var undirritaður 16. október 2002. Samningurinn gildir út árið 2005 og er gert ráð fyrir að árlega verði varið til verkefnisins 4,5 milljónum kr. úr Forvarnasjóði og 1 milljón kr. frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að sveitarfélögin geti sótt ráðgjöf og upplýsingar um skipulag og framkvæmd forvarnastarfs til þessa verkefnis sem m.a.

byggist á reynslu sem fengist hefur af verkefnum *Ísland án eiturfylfja* og starfi sem efnt hefur verið til í ýmsum sveitarfélögum landsins. Verkefnisstjórn er skipuð 2 fulltrúum tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveimur til vara og einum fulltrúa frá Áfengis- og vímuvarnaráði og einum til vara sem jafnframt er formaður. Fulltrúi Áfengis- og vímuvarnaráðs og formaður verkefnisins er Soffía Gísladóttir, félagsmálastjóri á Húsavík, og Sigríður Hulda Jónsdóttir, námsráðgjafi, til vara. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga eru Soffía Pálsdóttir, æskulýðsfulltrúi hjá Íþróttá- og tómsundaráði Reykjavíkur, og Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði. Til vara eru Bryndís Arnarsdóttir, forvarnafulltrúi á Akureyri, og Guðrún Ebba Ólafsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík. Gert er ráð fyrir að starfsemi verkefnisins hefjist vorið 2003.

### 3. Starfsmannahald og húsnæði

**Porgerður Ragnarsdóttir**, framkvæmdastjóri, 100% starf. Ber ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri ráðsins, annast mannaráðningar og er ásamt formanni talsmaður ráðsins út á við. Tekur virkan þátt í ýmsum verkefnum á vegum ráðsins t.d. Náum áttum, vímuvörnum í framhaldsskólum og Eyjaverkefni.

**Hildur Björg Hafstein**, verkefnisstjóri, 50% starf hjá Áfengis- og vímuvarnaráði og 50% starf hjá Íslandi án eiturfylfja. Í starfi sínu hjá Áfengis- og vímuvarnaráði hefur Hildur umsjón með heimasíðu ráðsins og annast fjölmiðlatengsl. Hún er jafnframt ýmist fulltrúi ráðsins eða stýrir sumum verkefnum sem ráðið á aðild að t.d. *Saman*-hópnum. Hildur fór í barnseignarleyfi í febrúar 2002.

**Ragnheiður Jónsdóttir** var ráðin í 100% starf í febrúar 2002 sem verkefnisstjóri og staðgengill Hildar B. Hafstein.

**Áslaug Sif Guðjónsdóttir**, skrifstofumaður, 60% starf. Áslaug sér um síma vörslu, móttöku, undirbúning gagna fyrir fundi, reikningsfærslu og skjalavörslu hjá ráðinu.

**Þórunn Steindórsdóttir**, félagsfræðingur, 70% starf. Þórunn annast gagnasöfnun, skýrslugerð og önnur tilfallandi verkefni. Hún er virkur þátttakandi í Eyjaverkefninu, samstarfsverkefni milli Íslands, Grænlands, Færeyja og Álandseyja.

Aðsetur Áfengis- og vímuvarnaráðs er í norðurenda Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur við Barónsstíg. Húsnæðið er samtals 110 m<sup>2</sup> og er samnýtt með Fjölskyldumiðstöðinni.

### 4. Fulltrúar

Í ráðinu áttu eftirfarandi fulltrúar sæti á árinu 2002:

Þórólfur Þórlindsson, fulltrúi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og formaður

Hörður Pálsson, fulltrúi forsætisráðuneytis

Árni Magnússon, fulltrúi utanríkisráðuneytis

Benedikt Bogason, fulltrúi fjármálaráðuneytis

Dögg Pálsdóttir, fulltrúi dóms- og kirkjumálaráðuneytis

Ingibjörg Broddadóttir, fulltrúi félagsmálaráðuneytis

Sigrún Aðalbjarnardóttir, fulltrúi menntamálaráðuneytis

Ásta Sigurðardóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga

Kolfinna Jóhannesdóttir, varaformaður  
Jóna Gróa Sigurðardóttir, varafulltrúi forsætisráðuneytis  
Þorvaldur Jóhannsson, varafulltrúi utanríkisráðuneytis  
Hanna Birna Kristjánsdóttir, varafulltrúi fjármálaráðuneytis  
Karl Steinar Valsson, varafulltrúi dóms- og kirkjumálaráðuneytis  
Sigríður Hulda Jónsdóttir, varafulltrúi menntamálaráðuneytis  
Soffía Gísladóttir, varafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fulltrúar ráðsins í stjórn *Íslands án eiturflyfja* eru Dögg Pálsdóttir og Ingibjörg Broddadóttir. Varafulltrúar eru Ásta Sigurðardóttir og Soffía Gísladóttir.

## 5. Fundir

Áfengis- og vímuvarnaráð fundaði reglubundið 12 sinnum á árinu 2002. Fundir ráðsins eru yfirleitt haldnir einu sinni í mánuði og standa í 2 - 3 klst. Aukafundir voru haldnir vegna úthlutunar úr Forvarnasjóði í mars.

## 6. Ráðstefnur og erlend samvinna

Eftirfarandi ráðstefnur og fundir voru sóttir af starfsmönnum Áfengis- og vímuvarnaráðs á árinu:

- **Norræna vímuvarnaráðstefnan**, undirbúningsfundur, 17.-18. janúar 2002 í Kaupmannahöfn, Danmörku. Þorgerður Ragnarsdóttir og Þórunn Steindórsdóttir sóttu fundinn.
- **Eyjaverkefni**: Stjórnarfundur haldinn 18. janúar 2002 í Kaupmannahöfn, Danmörku. Þórólfur Þórlindsson, Þorgerður Ragnarsdóttir og Þórunn Steindórsdóttir sóttu fundinn.
- **Lokaráðstefna áætlunarinnar Ísland án eiturflyfja**, Reykjavík 1. mars 2002. Þórólfur Þórlindsson, Þorgerður Ragnarsdóttir og Þórunn Steindórsdóttir sóttu hana og Þórólfur og Þorgerður héldu þar erindi.
- **European Cities Against Drugs**, haldin í Reykjavík 25.-26. apríl 2002. Allir starfsmenn Áfengis- og vímuvarnaráðs sóttu ráðstefnuna. Þórólfur Þórlindsson hélt þar erindi.
- **Nordiska nämnden for alkohol och drogforskning (NAD)**: Stjórnarfundur í Ósló, Noregi, 11.-12. apríl 2002. Þorgerður Ragnarsdóttir var staðgengill Óttars Guðmundssonar á fundinum.
- **Pompidou-hópurinn: 32nd meeting of the experts in epidemiology of drug problems**, 27.-28. maí 2002 í Strassbourg, Frakklandi. Þórólfur Þórlindsson sótti fundinn.
- **Norræn sérfræðiráðstefna um örvandi vímuefni**, haldin á Gardemoen í Noregi 6.-7. júní. Þorgerði Ragnarsdóttur var boðið til fundarins og hélt þar erindi.
- **Nordiska nämnden for alkohol och drogforskning (NAD)**: Námskeið um mat á opinberum vímuvarnaaðgerðum haldið í Lammi, Finnlandi, 1.-7. september 2002. Þorgerður Ragnarsdóttir, Þórunn Steindórsdóttir og Svanhvit Nína Jónsdóttir frá R&G sóttu námskeiðið í boði NAD.
- **Eyjaverkefni**: Stjórnarfundur í Maríuhöfn, Álandseyjum, 7.-8. september 2002. Þórólfur Þórlindsson, Þorgerður Ragnarsdóttir og Þórunn Steindórsdóttir sóttu fundinn.

- **18. norræna vímuvarnaráðstefnan**, haldin í Helsinki, Finnlandi, 9.-11. september 2002. Þorgerður Ragnarsdóttir og Þórunn Steindórsdóttir sóttu ráðstefnuna og fluttu báðar erindi.
- **Ráðstefnan „The 4th European Conference on the method and result on social and behavioral research on AIDS“** 20.-23. september 2002 í Vilnius, Litháen. Þórólfi Þórlindssyni var boðið að halda erindi á ráðstefnunni.
- **Fundur sænskra sérfræðinga í forvörnum** í Stokkhólmi 20.-23. september 2002. Þórólfi Þórlindssyni var boðið að taka þátt og halda erindi á fundinum.
- **Ráðstefnan „Search for Quality in School Based Drug Prevention“** í Hamburg, Þýskalandi, 27.-29. nóvember 2002. Ráðstefnan var á vegum Trombosforvarnastofnunarinnar í Hollandi í samvinnu við Evrópusambandið. Þorgerður Ragnarsdóttir, Hildur Björg Hafstein og Bryndís Arnarsdóttir, forvarnafulltrúi á Akureyri, sóttu fundinn.

## 7. Greinaskrif

Starfsfólk Áfengis- og vímuvarnaráðs ritaði eða tók þátt í ritun eftirfarandi greina árið 2002:

- Þorgerður Ragnarsdóttir, Ásgerður Kjartansdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir (2002). Effect og extended alcohol serving-hours in Reykjavík. Robin Room (ritstjóri): *The effect of Nordic Alcohol Policies. What happens to drinking and harm when alcohol controls change?* (NAD Publication No. 42), bls. 145-154. Helsinki: Nordic Council for Alcohol and Drug Research.
- Þorgerður Ragnarsdóttir. (2002, 8. janúar). Rauðhetta, úlfurinn og uppeldið. *Morgunblaðið*.
- Þorgerður Ragnarsdóttir. (2002, 26. mars). Vín í matvörubúiðr - fyrir hvern? *Morgunblaðið*.
- Ragnheiður Jónsdóttir. (2002, 8. júní). Nærgætni, virðing og handleiðsla foreldra innifalin. *Morgunblaðið*.

## 8. Skipting fjármuna 2002

Þeir fjármunir, sem Áfengis- og vímuvarnaráð hafði til ráðstöfunar á árinu 2002, skiptust í grófum dráttum á eftirfarandi hátt.

*Til ráðstöfunar:*

Forvarnasjóður (1% af áfengisgjaldi)	71,4 millj. kr.
Áfengis- og vímuvarnaráð	7,9 millj. kr.
Viðbót v. uppgjör	<u>3,2 millj. kr.</u>
<i>Samtals</i>	<i>82,5 milljónir kr.</i>

*Ráðstafað:*

Úthlutun styrkja til ýmissa verkefna	40,5 millj. kr.
Áfangaheimili	10,0 millj. kr.
Laun	15,0 millj. kr.
Rekstur og ýmis verkefni	10,0 millj. kr.
<u>Rannsóknir</u>	<u>7,0 millj. kr.</u>
<i>Samtals</i>	<i>82,5 milljónir kr.</i>

Framlög á fjárlögum í Forvarnasjóð frá því Áfengis- og vímuvarnaráð tók til starfa árið 1999 og úthlutanir til verkefna og áfangaheimila koma fram í töflu 1.

**Tafla 1. Fjárlög – Forvarnasjóður 1999 - 2001**

	<b>1999</b>	<b>2000</b>	<b>2001</b>	<b>2002</b>	<b>2003 áætlun</b>
Forvarnasjóður – alls (milljónir kr.)	<b>55,00</b>	<b>70,60</b>	<b>80,30</b>	<b>82,50</b>	<b>77,10</b>
Rekstur	7,00	7,20	7,40	7,90	8,10
Forvarnasjóður – 1% af áfengisgjaldi	48,00	53,40	63,40	69,00	69,00
Viðbót fjárlagan. + leiðr. vegna gjalda		10,00	9,50	5,6	
Þar af ráðstafað til verkefna og áfangaheimila (milljónir kr.)	(56%) <b>30,85</b>	(66%) <b>46,50</b>	(63%) <b>50,95</b>	(61%) <b>50,02</b>	(57%) <b>44,50</b>
Verkefni	20,85	36,50	40,95	40,02	34,50
Áfangaheimili	10,00	10,00	10,00	10,00	10,00

## 9. Verkefni sem hlutu styrki úr Forvarnasjóði 2002

### 9.1 Verkefnalisti

<b>Ísland án eiturlyfja</b> (lokaframlag)	2.500.000
<b>Námskeið í listum og lífsleikni</b> Undirbúningshópur um listir og lífsleikni, Götusmiðjan og Foreldrahús	1.500.000
<b>Saman á tímamótum og tyllidögum</b> Saman-hópurinn	1.500.000
<b>„Láttu ekki hafa þig að fíflí“</b> SAMFÉS	1.000.000
<b>„PMT“ foreldraþjálfun</b> Skólaskrifstofan, félagsþjónustan og heilsugæslan í Hafnarfirði	1.000.000
<b>Börn eru líka fólk</b> Vímulaus æska	1.000.000
<b>Fíkniefnafræðsla fyrir 9. bekk – Eftirfylgd í 10. bekk</b> Forvarnafélagið „Hættu áður en þú byrjar“	1.000.000
<b>Fjölskylduhátíð í Galtalækjarskógi 35 ára</b> Bindindismótið Galtalækjarskógi	1.000.000
<b>Fjölskyldumiðstöð – fjölskylduráðgjöf</b> Fjölskyldumiðstöð	1.000.000
<b>Fjölpjóðakvöld: ævintýraferðir, hópastarf og fagleg ráðgjöf</b> Miðborgarstarf KFUM & K	1.000.000
<b>Foreldrasamningur</b> Heimili og skóli	1.000.000
<b>„Hættu áður en þú byrjar“.</b> <b>Mynd um raunveruleika fíkniefnaneyslu á Íslandi</b> Samhjálp	1.000.000
<b>Jafningjafraeðslan</b> Hitt húsið – Jafningjafraeðslan	1.000.000
<b>Landsmót skáta 2002</b> Bandalag íslenskra skáta	1.000.000
<b>Unglingalandsmót UMFÍ í Stykkishólmi 2002</b> UMFÍ	1.000.000
<b>Uppbyggingarstefna, forvarnaleið fyrir íbúa Grafarvogs</b> Miðgarður, fjölskylduþjónustan í Grafarvogi	1.000.000
<b>Menntasmiðja unga fólksins</b> Menntasmiðjan á Akureyri	900.000
<b>Efling félagsstarfs ungmenna á Húsavík</b> Tún, menningar- og kaffihús ungs fólks á Húsavík	800.000
<b>Hópastarf Hins hússins</b> Hitt húsið	800.000
<b>Upplýsinga-, menningar- og kaffihús fyrir ungt fólk í Skagafirði</b> Samstarfshópur um forvarnir á Sauðárkróki	800.000
<b>Forvarnir í leikskóla – hvernig byggjum við upp einstaklinga sem ánetjast síður fíkniefnum?</b> Áhugahópur leikskólakennara	750.000
<b>Lífsleikni fyrir unglunga og ungt fólk</b> Biskupsstofa	750.000
<b>Félagsstarf og útihátíðir</b> SÁÁ	500.000
<b>Fjölskylduráðgjöf</b> Vímulaus æska	500.000
<b>Forvarnir í leikskólum</b> Fræðslumiðstöð í fíknivörnum	500.000
<b>Húsráð Gamla apóteksins: leiðsögn og stuðningur</b> Gamla apótekið á Ísafirði	500.000

<b>Íslandsleikhús</b> Gamla apótekið á Ísafirði	500.000
<b>Sæludagar í Vatnaskógi 2002</b> Skógarmenn KFUM	500.000
<b>„Vímuvarnir í eigin hópi“ – samstarfsverkefni æskulýðsmiðstöðva og vinnuhópa</b> Fjarðabyggð	500.000
<b>Árangursvottun ungs fólks í félagsmiðstöðvastarfi</b> SAMFÉS, samtök félagsmiðstöðva	500.000
<b>Heilsuefning í skólum</b> Heilsuefning/Landlæknisembættið	500.000
<b>Heilsuvernd barna og fræðsla um áfengi og vímuefni</b> Miðstöð heilsuverndar barna	500.000
<b>Reykjanesbær á réttu róli</b> Íþróttabandalag Reykjanesbæjar	500.000
<b>Tveggja hæða strætisvagn</b> KFUM og KFUK í Reykjavík	500.000
<b>„Þú átt val“ – myndband</b> Menntaskólinn í Kópavogi	500.000
<b>Agi til forvarna</b> Miðstöð heilsuverndar barna	450.000
<b>Læra fyrir lífið</b> Akraneskaupstaður	400.000
<b>„Víma á vettvangi“ – gerð myndbands</b> Akureyrarbær íþrótt- og tómstundadeild	400.000
<b>Forvarnalykill SAMFOKS</b> SAMFOK, Reykjavík	300.000
<b>Forvarnastarf foreldra í Kópavogi</b> SAMKÓP, Kópavogi	300.000
<b>Forvarnir í Borgarbyggð</b> Borgarbyggð	300.000
<b>Heimur/trúnaðarsími</b> Gamla apótekið Ísafirði	300.000
<b>Íþróttanámskrá knattspyrnudeildar, forvörn í fyrirrúmi</b> Knattspyrnudeild Hauka í Hafnarfirði	300.000
<b>Landnemar</b> Unglingaathvarfið, Keilufelli	300.000
<b>Forvarnanámskeið „Öflugt sjálfstraust“</b> Vímulaus æska	250.000
<b>Langtímaáhrif stelpuhópa, vinna til forvarna</b> Lone Jensen og Helga Steinunn Guðmundsdóttir	200.000
<b>Móttaka fyrir ungt fólk</b> Heilsugæslan á Seltjarnarnesi	200.000
<b>Móttaka fyrir ungt fólk</b> Heilsugæslan í Kópavogi	200.000
<b>Lífsleikni og forvarnir á Raufarhöfn</b> Grunnskólinn á Raufarhöfn	100.000
<b>Unglingar án vímuefna</b> Heppuskóli, Hornafirði	100.000
<b>Samtals:</b>	<b>33.900.000</b>

<b>Viðbótarúthlutun haustið 2002:</b>	
AA-samtökin	471.000
„Vertu til“	3.500.000
Fræðslumiðstöð í fíknivörnum	1.100.000
Hrókurinn	300.000
Námsmannahreyfingin á Íslandi	300.000
<b>Samtals:</b>	<b>39.571.000</b>
<b>Áfangaheimili:</b>	
Dyngjan áfangaheimili	2.500.000
Risið líknarfélag	2.500.000
Takmarkið líknarfélag	1.000.000
Vernd fangahjálp	1.000.000
Byrgið Rockville	800.000
Fjólan	700.000
Samhjálp stoðbýli	700.000
Krossgötur	400.000
SÁÁ áfangaheimili	400.000
<b>Samtals</b>	<b>10.000.000</b>
<b>Rannsóknastyrkir:</b>	
Sigrún Aðalbjarnardóttir	500.000
Hildigunnur Ólafsdóttir	500.000
Ragný Þóra Guðjohnsen	200.000
Guðberg Jónsson	250.000
<b>Samtals:</b>	<b>1.450.000</b>
<b>Samtals úthlutað 2002</b>	
	<b>51.021.000</b>

9.2 Lýsing á verkefnum sem hlutu styrk úr Forvarnasjóði árið 2002

Heiti	Upphæð	Lýsing
<b>Ísland án eiturlyfja</b> (lokaframlag)	<b>2.500.000</b>	Árið 2002 var lokastarfsár áætlunarinnar sem er sameiginlegt verkefni ríkisstjórnarinnar, Reykjavíkurborgar, ECAD (European Cities Against Drugs) og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Starf Íslands án eiturlyfja grundvallaðist á fimm ára áætlun sem samþykkt var í júní 1997. Árangur verkefnisins var metinn með aðstoð IMG-Gallup og byggðist matið að miklu leyti á rannsóknaniðurstöðum frá Rannsóknum og greiningu ehf. Matsskýrsluna er að finna á <a href="http://www.vimuvarnir.is">www.vimuvarnir.is</a> .
<b>Námskeið í listum og lífsleikni</b>  Undirbúningshópur um listir og lífsleikni, Götusmiðjan og Foreldrahús	<b>1.500.000</b>	Námskeiðið er ætlað unglíngum á aldrinum 15-18 ára sem þurfa, vegna sjálfsskaðandi hegðunar eða vegna hættu á slíkri hegðun, á stuðningi og meðferð að halda. Með sjálfsskaðandi hegðun er hér átt við áfengis- og vímuefnaneyslu, afbrot, hegðunarvandamál, sjálfsvígstilraunir og sjálfsmeiðandi hegðun sem ekki er lífshættuleg. Markmið með verkefninu er tvíþætt: annars vegar að koma í veg fyrir stofnanavistun unglínganna og hins vegar að þeir kynnist þeim hliðum á sjálfum sér sem eru þroskavænlegar og að draga fram þann styrk sem býr innra með þeim. Þetta er gert með því að gefa þeim kost á listrænni sköpun og þjálfun í samskiptum og lífsleikni í stað þess að stunda áhættusama hegðun. Einnig er með verkefninu ætlunin að þróa nýjar leiðir í forvörnum fyrir unglíngum sem eru í hættu. Áætlað er að verkefnið hefjist eftir áramót 2003.

**SAMAN á tímamótum  
og tyllidögum** **1.500.000**

Saman-hópurinn

Meginmarkmið starfsemi Saman-hópsins er að auka samstarf fólks sem vinnur með og fyrir börn og unglunga. Tengist sú vinna einkum forvörnum, uppeldi, menntun og meðferðar- og ráðgjafarúrræðum. Með Saman-hópnum eru samnýttir kraftar alls þessa fólks. Starf hópsins miðar að því að styrkja og styðja foreldra í sínu uppeldis- hlutverki. Skýr skilaboð eru um að kaupa ekki eða bjóða unglungum áfengi sem og að virða reglur um útivistartíma og vara við hættum á eftirlitslausum partíum. Hópurinn vinnur að forvörnum í tengslum við atburði þar sem líklegt er að aukning verði á neyslu vímuefna. Dæmi um slíkt eru samræmd próf, 17. júní, verslunarmannahelgi og áramót. Á þessu ári bar hæst átakið „18 ára ábyrgð“ þar sem höfðað er til ábyrgðar foreldra. Birtar voru auglýsingar í blöðum og tímaritum, útvarpi og sjónvarpi, á strætisvögnum og veggspjöldum. Einnig voru send út póstkort. Meginstef auglýsinganna var alltaf „Fjölskyldan saman“.

**„Láttu ekki hafa þig að  
fíflí“ - myndband** **1.000.000**

Samfés

Efnt var til auglýsingasamkeppni milli félagsmiðstöðva þar sem unglingar unnu forvarna- auglýsingu frá grunni til sýningar í sjónvarpi. Markmið verkefnisins var að vekja ungt fólk til umhugsunar um skaðsemi vímuefna þar sem unglingar koma skilaboðum til jafnaldra með gerð auglýsinga. Besta auglýsingin var valin og birt í lok desember í þættinum At á RÚV og síðan sýnd í sjónvarpi við ákveðin tækifæri til vors. Verkefnið var einnig kynnt í útvarpsþættinum Samfés á Rás 2 og í unglungablaðinu Smelli. Auk þess var veggspjaldi með brotum úr auglýsingunni dreift til allra félagsmiðstöðva. Einnig á að gefa út spilastokka, í samvinnu við Tóbaksvarnanefnd, með myndum úr auglýsingunum og skilaboðum til unglunga sem sækja félagsmiðstöðvarnar. Verkefnislok eru áætluð vorið 2003.

<b>PMT-aðferðin til að fyrirbyggja hegðunar-erfiðleika hjá börnum</b>	<b>1.000.000</b>	PMT stendur fyrir „Parent Management Training“ eða foreldrafærni. PMT er meðferðarúrræði ætlað foreldrum og er meginmarkmið þess að fyrirbyggja mjög alvarlega hegðunarerfiðleika hjá börnum með því að bregðast við vandanum á fyrstu stigum með PMT-meðferð og ráðgjöf. Alvarlegir hegðunar-erfiðleikar geta leitt til andfélagslegrar hegðunar sem oft hefur í för með sér áfengis- og vímuefnanotkun samhliða afbrotum. Þetta er samstarfsverkefni þriggja stofnana í Hafnarfirði: skólaskrifstofu, félagsþjónustu og heilsugæslu, og er verkefnið liður í forvarnaáætlun Hafnarfjarðar. Hver stofnun mun hafa PMT-ráðgjafa og nú þegar eru hafnfirskar fjölskyldur komnar í PMT-meðferð og úrræðið því farið að skila sér í samfélaginu.
<b>Börn eru líka fólk</b>	<b>1.000.000</b>	Um er að ræða námskeið með yfirskriftinni „Börn eru líka fólk“, annars vegar fyrir 6-12 ára börn og hins vegar 13-16 ára. Í yngri hópnum er lögð áhersla á að styrkja börnin í að öðlast jákvætt sjálfsmat og virkja og rækta hjá þeim hæfileika til að komast ósködduð í gegnum lífið. Námskeiðið er 10 vikur og unnið með foreldrum og börnum sínum í sitt hvoru lagi. Unglingarnir hittast einu sinni í viku í 10 vikur og er aðaláherslan á samskipti við annað fólk. M.a. er unnið með myndræna tjáningu, tilfinningaverkefni, frætt um skaðsemi vímuefna og unnin eru heimaverkefni. Foreldrar hitta ráðgjafa barns síns tvisvar á tímabilinu.
<b>Fíkniefnafræðsla fyrir 9. bekk – eftirfylgd í 10. bekk</b>	<b>1.000.000</b>	„ <i>Hættu áður en þú byrjar</i> “ er félagsskapur sem veitir nemendum í 9. bekk og foreldrum þeirra fræðslu í fíkniefnamálum. Fræðslan fer fram með þeim hætti að lögreglumaður frá forvarna- og fræðsludeild lögreglunnar og fyrrverandi fíkniefna-neytandi ræða við nemendur og leggja áherslu á að þeir taki afstöðu gegn vímuefnum áður en þeim eru boðin þau. Á haustönn 2002 voru haldnir 53 fundir. Einnig er eftirfylgd fyrir nemendum í 10. bekk og fræðslufundir með nemendum í framhaldsskólum og foreldrum þeirra. Á fundum hefur verið sýnd fræðslumyndin „ <i>Hættu áður en þú byrjar</i> “ sem gerð er af Samhjálp og Lindinni. Verkefnislok þetta skólaár er í júní 2003 en áætlað er að halda áfram næsta skólaár. Óskað hefur verið eftir þessari fræðslu fyrir 8. bekk og byrjað var með hana, í breyttri mynd þó, eftir áramót 2003.
Forvarnafélagið „ <i>Hættu áður en þú byrjar</i> “		

<b>Fjölskylduhátíð Galtalækjarskógi 35 ára</b>	<b>1.000.000</b>	<p>Vímulaus fjölskylduhátíð í Galtarlækjarskógi um verslunarmannahelgina í á sér langa og merka sögu. Í fögru og öruggu umhverfi, þar sem mikið er lagt upp úr fyrirmyndaraðstöðu fyrir börn, stendur öllum landsmönnum til boða að koma saman og skemmta sér án vímuefna þessa helgi. 2002 var lagt mjög mikið upp úr því að þarna væri skemmtun fyrir alla aldurshópa, m.a. með því að fá Stuðmenn og Rottweilerhundana til að skemmta. Krafa var um að löggæsla væri aukin sjöfalt frá síðasta ári og voru 13 lögreglumenn á vakt alla helgina. Þetta veitti vissulega aðhald en jök kostnaðinn mjög mikið þannig að hækka varð miðaverð. Talið er að það hafi fælt marga frá og halli varð á hátíðinni. Að öðru leyti tókst hátíðin mjög vel og þar urðu engin neikvæð eftirköst.</p>
Bindindismótið í Galtalækjarskógi		
<b>Fjölskyldumiðstöð - fjölskylduráðgjöf</b>	<b>1.000.000</b>	<p>Ókeypis aðstoð og stuðningur við fjölskyldur, með börn undir 18 ára aldri, sem eiga í ýmsum vanda, s.s. vímuefnavanda, samskiptavanda, vanda vegna þverrandi áhuga barna á námi eða vegna barna sem sýna andfélagslega hegðun af einhverju tagi. Einnig nær þjónustan til fjölskyldna ofvirkra og fatlaðra barna. Starfið fer fram í viðtölum og hópvinnum og markmiðið er að bregðast sem fyrst við merkjum um vanda hjá börnum og ungmennum. 360 fjölskyldur tóku þátt í starfinu á árinu og komu þær í tæplega 800 viðtöl. Aðrir aðilar, sem leggja fram fjármagn til Fjölskyldumiðstöðvarinnar, eru Félagsþjónustan í Reykjavík, Reykjavíkurdæld Rauða kross Íslands og heilbrigðisráðuneytið.</p>
Fjölskyldumiðstöð		
<b>Fjölþjóðakvöld: ævintýraferðir, hópastarf og fagleg ráðgjöf</b>	<b>1.000.000</b>	<p>Miðborgarstarf KFUM og KFUK er margþætt. Verkefni, sem unnið var að á árinu, var fjölþjóðakvöld ungra Íslendinga og innflytjenda á kaffihúsi og ævintýraferðir unglinga gegn kynþáttafordómum. Verkefnið miðar að virðingu og friði milli þjóðfélagshópa af ólíkum uppruna og með margvíslegan bakgrunn. Farið var í þrjár ævintýraferðir á árinu og gefið út fræðsluefni í tengslum við þær. Á fjölþjóðakvöldunum fer einnig fram fræðsla. Á árinu var unnið að verkefni sem snérist um að styrkja þolendur eineltis og veita þeim félagslega öruggt umhverfi. Í Miðborgarstarfinu var lögð áhersla á að efla faglega ráðgjöf í grasrótar- og sjálfboðaliðastarfinu.</p>
Miðborgarstarf KFUM & K		

<b>Foreldrasamningurinn</b> Heimili og skóli	<b>1.000.000</b>	Heimili og skóli - landssamtök foreldra standa fyrir forvarnaverkefningu „Foreldrasamningurinn“. Í fyrstu var samningurinn ætlaður foreldrum barna í efstu bekkjum grunnskóla en fljótt komu óskir um að hann næði til barna í 6.-10. bekk, síðan að samningurinn næði yfir allt grunnskólatímabilið. Nýr samningur, fyrir 1.-5. bekk, var tilbúinn í haust. Samningurinn veitir foreldrum samtakamátt og styður þau gildi sem þeir telja börnum sínum fyrir bestu. Unnið er að því að fá foreldrahópinn til að vera samstiga og setja sér ákveðnar reglur og viðmið sem raunhæft er að fylgja. Samningurinn tekur t.d til útivistartíma og neyslu áfengis og annarra vímuefna. Samningurinn hefur náð mikilli útbreiðslu en markmið hans er viðhorfsbreyting hjá foreldrum og börnum gagnvart hvers konar vímuefnaneyslu.
<b>„Hættu áður en þú byrjar“ - mynd um raunveruleika fíkniefnaneyslu á Íslandi</b> Samhjálp	<b>1.000.000</b>	Myndin er um raunverulega skaðsemi fíkniefna á Íslandi. Hún er ætluð 14-15 ára nemendum í 9. bekk grunnskóla, ásamt foreldrum þeirra, og verður notuð með fræðslunni „Hættu áður en þú byrjar“, sem er samstarfsverkefni Marita, lögreglunnar og Félagsþjónustunnar. Með fræðslunni og sýningu myndarinnar skapast umræðugrundvöllur með börnum og foreldrum þeirra. Þeir sem koma fram í myndinni eiga flestir það sameiginlegt að hafa skaðast beint eða óbeint af fíkniefnaneyslu. Myndinni er ætlað að brjóta niður þá glansmynd sem mörg ungmenni hafa gert sér af fíkniefnaneyslu.
<b>Jafningjafræðslan</b> Hitt húsið - Jafningjafræðslan	<b>1.000.000</b>	Jafningjafræðslan (JF) hefur undanfarin ár staðið fyrir forvarnastarfi fyrir ungt fólk. Hugmyndafræðin byggist á því að ungmenni tali við jafningja sína um skaðsemi vímuefna. Lögð er áhersla á sjálfsmynd og lífsstíl ungs fólks. Fræðsluefni var gefið út í formi spilastokks sem dreifa á sumarið 2003. Á spilunum eru upplýsingar um málefni ungs fólks. Gefið var út póstkort með slagorðinu: „Hugsar þú?“ en á bakhlið þess eru upplýsingar um hvert hægt er að leita í vanda. JF hélt götuhátíð á Lækjartorgi 13. júlí, fór í hringferð um landið þar sem stansað var á 19 stöðum og rætt var við um 1000 ungmenni. JF hefur haldið fræðslufundi í framhaldsskólum og nú eru margir þeirra farnir að stofna forvarnahópa í samstarfi við JF. Í Háskóla Íslands er verið að gera rannsókn á starfsemi JF sem væntanlega verður lokið feb. 2003.

<p><b>Landsmót skáta 2002</b></p> <p>Bandalag íslenskra skáta</p>	<p><b>1.000.000</b></p>	<p>Landsmót skáta fór fram dagana 16.- 23. júlí 2002 að útilífs- og umhverfismiðstöð skáta að Hömrum við Akureyri. Þátttakendur voru um 4000, þar á meðal voru um 700 erlendir skátar frá 25 löndum. Þegar mest var voru um 7000 manns á staðnum. Markmið með Landsmóti skáta er að gera þátttakendur, börn og ungt fólk, meðvitað um gildi heilbrigðs lífs og hollrar útiveru án nokkurra vímuefna.</p>
<p><b>Unglingalandsmót UMFÍ 2002 í Stykkishólmi</b></p> <p>UMFÍ</p>	<p><b>1.000.000</b></p>	<p>Unglingalandsmót UMFÍ var haldið í fyrsta sinn árið 1992 en árið 2000 var það í fyrsta sinn haldið um verslunarmannahelgi. Markmiðið með mótunum er að ná til sem flestra unglinga á landinu og stuðla að þátttöku þeirra í íþróttum og listastarfi. Mótið byggist á leik og keppni í bland með það að markmiði að efla félagslegan þroska og samkennd unglinganna. Meginmarkmiðið er að stuðla að fjölbreyttri, vímulausri hátíð fyrir unglinga og fjölskyldur þeirra um verslunarmannahelgina.</p>
<p><b>Uppbyggingarstefna, forvarnaleið fyrir íbúa Grafarvogs</b></p> <p>Miðgarður, fjölskylduþjónustan í Grafarvogi</p>	<p><b>1.000.000</b></p>	<p>Uppbyggingarstefnan er fjögurra ára tilraunaverkefni sem hófst árið 2001 og hefur þann tilgang að styrkja sjálfsmynd barna og unglinga undir 18 ára aldri í Grafarvogi og hæfni þeirra til að velja og hafna samkvæmt eigin gildismati. Til að ná megi þessum markmiðum fá allir lykilaðilar sem taka þátt í uppeldi barna, skipulagða fræðslu um aðferðafræði uppbyggingarstefnunnar. Samvinna er við þá sem standa að verkefninu <i>Hringurinn</i>, samstarfsverkefni Miðgarðs og lögreglunnar í Rvík, og <i>Gróska í Grafarvogi</i> sem er hverfisverkefni.</p>
<p><b>Menntasmiðja unga fólksins</b></p> <p>Menntasmiðjan á Akureyri</p>	<p><b>900.000</b></p>	<p>Menntasmiðjan er ætluð ungu fólki, á aldrinum 17- 28 ára, sem af einhverjum ástæðum hefur ekki fundið sig í námi eða vinnu. Um er að ræða dagskóla þar sem fram fer hagnýtt, sjálfsstyrkjandi og skapandi starf. Verkefnið miðar að því að rífa unga fólkið upp úr fari atvinnuleysis og stefnuleysis í lífinu og gera það hæfara til að takast á við margs konar verkefni í framtíðinni. Fyrsta önn tókst með ágætum og annarri önn lýkur í maí 2003. Við hana var bætt starfskynningu á vinnustöðum þar sem nemendur stunda vinnu í 1-2 vikur og er það hluti af náminu.</p>

**Efling félagsstarfs  
ungmenna á Húsavík** **800.000**

Tún, menningar- og  
kaffihús ungs fólks á  
Húsavík

Tún, menningar- og kaffihús á Húsavík, hóf starfsemi sína í desember 2001. Markmið starfseminnar er að skapa ungu fólki, sem hefur lokið grunnskóla, vímuefnalaust umhverfi til samskipta við jafnaldra sína og til tómstunda- og menningarstarfsemi. Ungt fólk hefur rekið kaffihús í Túni og þar hefur mjög fjölbreytt klúbbastarfsemi farið fram. Einnig hefur unga fólkið staðið fyrir margs konar uppákomum. Starfsmaður hefur verið í 25% starf en það er of lítið starfshlutfall því unga fólkið þarf mikla hvatningu og stuðning til að koma hugmyndum sínum í framkvæmd. Starfið í Túni lofar mjög góðu og þess er vænst að árið 2005, þegar verkefninu er lokið, verði Tún orðið miðpunktur félagslífs ungs fólks á Húsavík.

**Hópastarf Hins hússins** **800.000**

Hitt húsið

Hópastarfið er ætlað fólki á aldrinum 16-19 ára sem þarfnast öflugss stuðnings og leiðsagnar. Ungmennum er gjarnan vísað í starfið í framhaldi af innlögn á meðferðarstofnun. Verkefnið er því bæði eftirmeðferð og hefur forvarnagildi. Starfið stendur yfir í 12-14 vikur og síðan hittist hópurinn mánaðarlega í 3 mánuði. Hópurinn kemur saman tvisvar í viku. Annan daginn er farið í ævintýraferð þar sem tekist er á við erfitt verkefni, s.s. fjallgöngu, klettaklifur, hellaferð, kajakróður, köfun o.fl. Hinn daginn kemur hópurinn saman í Hinu húsinu og þar er m.a. unnið úr reynslu hvers og eins af ferð vikunnar, auk annarra verkefna. Allan tímann er unnið eftir markmiðsáætlun hvers og eins og sumir þurfa á einstaklingsmeðferð að halda í viðbót við hópastarfið. Alla þjónustu Hins hússins fá unglíngarnir sér að kostnaðarlausu.

**Upplýsinga-,  
menningar- og kaffihús  
fyrir ungt fólk í  
Skagafirði** **800.000**

Samstarfshópur um  
forvarnir á Sauðárkróki

Hér er um að ræða áframhald af verkefninu „Átak í forvörnum í Skagafirði“ þar sem komið var á fót miðstöð fyrir ungt fólk, á aldrinum 16-22 ára. Miðstöðin, sem hlaut nafnið Geyslan á Sauðárkróki, var opnuð vorið 2002. Þetta er vímulaus staður þar sem áhersla er lögð á margs konar jákvætt samstarf með ungu fólki. Þrjár ferðir voru farnar til útlanda með hóp ungmenna í tengslum við Ungt fólk í Evrópu.

<p><b>Forvarnir í leikskóla – hvernig byggjum við upp einstaklinga sem ánetjast síður fíkniefnum?</b></p> <p>Áhugahópur leikskólakennara</p>	<p><b>750.000</b></p>	<p>Áhugahópur leikskólakennara safnar saman helstu niðurstöðum rannsókna sem greina frá því hvaða þættir einkenna börn/unglinga sem annars vegar eru líkleg og hins vegar ólíkleg til að ánetjast fíkniefnum. Einnig verður starfið í íslenskum leikskólum skoðað. Markmiðið er að leita leiða í leikskólastarfi til að byggja upp einstaklinga sem síður ánetjast vímuefnum. Enn er verið að vinna undirbúningsvinnuna en að henni lokinni verður unninn fræðslubæklingur sem dreift verður m.a. til foreldra, leikskólakennara og annarra starfsmanna leikskóla.</p>
<p><b>Lífsleikni fyrir unglinga og ungt fólk</b></p> <p>Biskupsstofa</p>	<p><b>750.000</b></p>	<p>Ritun efnis í lífsleikni sem og þjálfun starfsfólks sem halda mun námskeið eða fyrirlestra um allt land. Markmiðið er að efla lífsleikni og sjálfsstyrkingu hjá ungu fólki á aldrinum 13-20 ára. Þar verður m.a. tekist á við tilvistarspurningar og sjálfsmynd, m.a. með tilliti til frávíkshæðunar, þ.e. vímuefna og sjálfsvíga. Nú þegar hefur hluti efnisins verið kenndur með góðum árangri á námskeiði við Borgarholtsskóla. Áætlað er að efnið verði tilbúið til útgáfu í árslok 2003 og í framhaldi af því kynnt markhópum og skólastjórnendum.</p>
<p><b>Félagsstarf og útihátíðir</b></p> <p>SÁÁ</p>	<p><b>500.000</b></p>	<p>SÁÁ heldur úti starfi sem heitir „Ungt fólk og SÁÁ“ sem felst í því að skapa félagslega aðstöðu fyrir ungt fólk, upp að 25 ára aldri, sem nýlokið hefur vímuefnaferð. Haldnir eru hópfundir í göngudeild SÁÁ með ráðgjafa tvisvar í viku þar sem félagsstarf hópsins er skipulagt. Helstu verkefni hópsins, utan fastra funda, eru ferðalög, skíðaferðir, námskeiðahald, líkamsrækt og skemmtanir af ýmsum toga. Markmiðið er að skapa vímulaust umhverfi fyrir skjólstæðinga SÁÁ sem og að auka lífsleikni þeirra.</p>
<p><b>Fjölskylduráðgjöf</b></p> <p>Vímulaus æska</p>	<p><b>500.000</b></p>	<p>Hér fá foreldrar og unglingar aðstoð sem beinist að því að hjálpa þeim að finna leiðir til að leysa þann vanda sem þeir glíma við hverju sinni. Fjölskylduráðgjöfin er starfrækt alla daga ársins og foreldrasíminn er opinn allan sólarhringinn. Í ráðgjöfinni eru veitt einkaviðtöl, fjölskylduviðtöl og íhlutun svo og starfræktir stuðningshópar fyrir foreldra. Einnig eru haldin námskeið um öflugt sjálfstraust og ást og aga í uppeldinu.</p>

<b>Forvarnir í leikskólum</b>	<b>500.000</b>	Markmiðið með þessu verkefni er að leggja drög að forvarnaáætlun fyrir leikskóla. Gert er ráð fyrir áætlun sem tekur til starfsfólks, foreldra og börn. Slík áætlun á að gera starfsfólki kleift að greina og meta börn sem eru í áhættu og taka sérstaklega á vanda þeirra. Þetta geta t.d. verið börn sem eiga í erfiðleikum með samskipti við önnur börn vegna heimilisaðstæðna sinna eða hegðunar- og lyndis-einkenna. Framvinduskýrsla hefur ekki borist.
Fræðslumiðstöð í fíknivörnum		
<b>Húsráð Gamla apóteksins á Ísafirði: leiðsögn og stuðningur</b>	<b>500.000</b>	Stuðningur við 16-20 ára ungmenni. Gamla apótekið sinnir ýmsum hópum og leiðbeinir eftir óskum. Húsráð hittist vikulega og skipuleggur dagskrá fyrir húsið. Krakkar koma í hugmynda-vinnu og fá aðstoð með verkefni sem þeir vilja vinna. Framvinduskýrsla hefur ekki borist.
Gamla apótekið á Ísafirði		
<b>Íslandsleikhús</b>	<b>500.000</b>	Markmiðið með Íslandsleikhúsi er að leyfa unglिंगum úr efstu bekkjum grunnskólans að kynnst og fá að starfa við leiklist. Um er að ræða samvinnuverkefni 7 sveitarfélaga, Greips Gíslasonar og Gamla apóteksins og starfaði leikhúsið sumarið 2002. Leikendur voru 2 unglिंगar frá hverju sveitarfélaganna og var verkið flutt í öllum sveitarfélögum sjö. Hópurinn stóð við í 4 daga á hverjum stað og sinnti þar ákveðnum verkefnum. Þarna kynntust og störfuðu saman unglिंगar víðs vegar af landinu, kynntust landinu sjálfu og svo leiklistinni.
Gamla apótekið á Ísafirði		
<b>Sæludagar í Vatnaskógi 2002</b>	<b>500.000</b>	Markmiðið með verkefninu er að skapa heilbrigðan ramma fyrir alla fjölskylduna til að vera saman um verslunarmannahelgina. Fjölskylduhátíð undir heitinu „Sæludagar í Vatnaskógi“ hefur verið haldin í Vatnaskógi um verslunarmannahelgina í nokkur ár og er að festa sig í sessi sem áhugaverður valkostur þessa helgi. Hátíðin er áfengis- og vímuefnalaus og stendur frá föstudegi til mánudags. Á hátíðinni er boðið upp á fjölbreytta dagskrá, s.s. kvöldvökur, íþróttir, vatnafjör, guðspjónustu og barna- og fræðslustundir.
Skógarmenn KFUM		

<p><b>„Vímuvarnir í eigin hópi“ - samstarfs- verkefni æskulýðsmið- stöðva og vinnuhópa</b></p>	<p><b>500.000</b></p>	<p>Verkefnið lýtur að undirbúningi og sumarstarfsemi ungmenna í Vinnuskóla Fjarðarbyggðar og markmiðið með því er að efla jákvæð viðhorf ungmenna til umhverfis síns og vekja þau til umhugsunar um gildi eigin verka. Samvinna var á milli Vinnuskólans og félagsmiðstöðvarinnar um verkefnið. Gerð var skoðanakönnun meðal unglínganna um viðhorf þeirra til ýmissa mála sem þá snerta, m.a. vímuefna. Niðurstöður eiga að liggja fyrir snemma á þessu ári. Unglingarnir unnu að gerð fræðsluefnis á myndbandi um hópefli, vinnustellingar og verkþætti og á það að vera tilbúið vorið 2003.</p>
<p><b>Árangursvottun ungs fólks í félagsmiðstöðvastarfi</b></p>	<p><b>500.000</b></p>	<p>Unnið var árangursvottunarkerfi að breskri fyrirmynd sem er tæki til að votta og meta það starf sem unglíngar vinna í sínum frístundum. Þetta nýttist m.a. til að gera starf með unglíngum í félagsmiðstöðvum markvissara og auðveldar starfsmönnum að skipuleggja starfið með þeim. Markmiðið með verkefninu er einnig að fá ungt fólk til að taka þátt í að skipuleggja fjölbreytt verkefni. Verkefnin eru metin skv. staðli sem gerir það að verkum að unga fólk getur nýtt sér þau til framdráttar í starfi eða námi. Handbók fyrir starfsmenn félagsmiðstöðvanna er tilbúin og er allt efni hennar aðgengilegt á heimsíðu Samfés auk þess sem búið er að gera veggspjald og kynningarhefti fyrir unglínga. Nokkrar miðstöðvar eru farnar að vinna skv. handbókinni og væntanlega verða gerðar á henni einhverjar breytingar í samræmi við reynslu þeirra af henni.</p>
<p><b>Heilsuefning í skólum</b></p>	<p><b>500.000</b></p>	<p>Verkefnið nær til þriggja ára og miðar að því að efla heilsu og vellíðan. Markmiðið er að efla heilbrigðis- og heilsuvitund í skólum og er sérstök áhersla lögð á að efla geðheilbrigði. Lögð er áhersla á að styrkja sjálfstraust, sjálfsmýnd og að vinna með tilfinningar nemenda og þar með að minnka líkur á áhættu hegðun, s.s. vímuefnaneyslu, einelti og sjálfsvígum. Þátttaka í Evrópuverkefni hófst árið 1999 í samráði og samvinnu við menntamála-ráðuneytið og fræðslustjóra og taka sex skólar á öllum skólastigum þátt í því. Framvinduskýrsla hefur ekki borist.</p>

<p><b>Heilsuvernd barna og fræðsla um áfengi og vímuefni</b></p> <p>Miðstöð heilsuverndar barna</p>	<p><b>500.000</b></p>	<p>Markmið verkefnisins er að efla heilsufræðslu um áfengi og vímuefni innan ramma ung- og smábarnarverndar og heilsuverndar í skólum. Það verður gert með því að auka þekkingu og innsýn starfsfólks á leiðum til að ná betur til foreldra og barna í samræðum um málaflokkinn. Einnig er ætlunin að koma með framtíðarsýn um starf ofangreindara aðila í þessum málaflokki. Búið er að gera könnun um það fræðsluefni sem til er á þessum stöðum sem og notkun þess. Út frá niðurstöðunum, sem liggja eiga fyrir vorið 2003, verður komið með tillögur og ábendingar um fræðsluefni tengt áfengis- og vímuefnum sem starfsmenn heilsugæslunnar geta nýtt sér í starfinu.</p>
<p><b>Reykjanesbær á réttu róli</b></p> <p>Íþróttabandalag Reykjanesbæjar</p>	<p><b>500.000</b></p>	<p>Meginmarkmið verkefnisins er að efla forvarnir í Reykjanesbæ. Starfstími verkefnisins miðast við skólaárið hverju sinni og er megintilgangurinn að veita grunnskólabörnum og foreldrum þeirra stuðning. Einnig að efla frjáls samtök sem vinna að æskulýðsmálum og styðja við starfsemi sem yfir undir æskilegan lífsstíl hjá börnum. Starfsmenn ýmissa staða í bænum eru fræddir um ólögleg vímuefni og kennt að þekkja einkenni neyslu slíkra efna. Íþróttabandalagið hefur staðið fyrir þessu verkefni frá árinu 1997.</p>
<p><b>Tveggja hæða strætisvagn</b></p> <p>KFUM og KFUK Reykjavík</p>	<p><b>500.000</b></p>	<p>Strætisvagninn er færanleg félagsmiðstöð sem nýtist á mörgum stöðum í hverri viku. Í stórum hverfum (eins og t.d. Grafarvogi) auðveldar vagninn þátttöku unglunga og barna í tómstundastarfi vegna þess að ekinn er hringur um hverfið og krakkarnir teknir upp í og þeim síðan skilað á sama stað að fundi loknum. Vagninn kemur líka að góðum notum í nýjum hverfum þar sem engin aðstaða er til æskulýðsstarfs. Vagninn hefur einnig verið notaður við ýmis tilefni, s.s. menningarnótt 2002 þar sem hann var athvarf fyrir unglunga sem áttu í vanda. Á miðvikudagskvöldum hefur vagninn verið athvarf fyrir unglunga í Fellahverfi og er það samstarfsverkefni Marita, kirkjunnar og KFUM og KFUK.</p>

<p><b>„Þú átt val“ - myndband</b></p> <p>Menntaskólinn í Kópavogi</p>	<p><b>500.000</b></p>	<p>Handrit að myndbandi lá fyrir og var styrkurinn nýttur við gerð þess. Átta nemendur hafa starfað að undirbúningi myndbandsins og gagnaöflun. Meginþema myndarinnar er samanburður á fegurð og ljótleika í mannlegu lífi. Hið síðarnefnda er undirstrikað með afleiðingum eiturlyfjaneyslu. Í tengslum við gerð myndbandsins var gerð umfangsmikil könnun í Menntaskólanum í Kópavogi á vímuefnaneyslu ungmenna. Myndbandið nýtist í forvarnastarfi MK, öðrum framhaldsskólum og Kópavogsbæ.</p>
<p><b>Agi til forvarna</b></p> <p>Miðstöð heilsuverndar barna</p>	<p><b>450.000</b></p>	<p>Þýðing, staðfæring, útgáfa og notkun á fræðsluefni um aga í uppeldi. Tilgangurinn er að sjá foreldrum ungra barna, sem vegna hegðunarröskunar er sérstaklega hætt við að leiðast snemma út í áfengis- og vímuefnaneyslu, fyrir aðgengilegri fræðslu um aga og hegðunarstjórnun í uppeldi. Mikilvægur þáttur er að kynna foreldrum þekkt tengsl milli hegðunarerfiðleika barna á forskólaaldri og líkinda á vímuefnanotkun á unglingsárunum. Á árinu var ráðist í könnun á meðal foreldra um þörf fyrir fræðslu um aga og hafist handa um gagnasöfnun í fræðslubækling.</p>
<p><b>Læra fyrir lífið</b></p> <p>Akraneskaupstaður</p>	<p><b>400.000</b></p>	<p>Verkefnið er ætlað 16-20 ára unglingum á Akranesi sem hætt hafa í fjölbrautaskólanum og eru á atvinnuleysisrá. Í atvinnuleysinu einangrast þeir oft félagslega, snúa sólarhringnum við og leiðast út í áfengis- og fíkniefnaneyslu með öllu sem því fylgir. Þessi hópur er í hættu á að missa löngun til að taka ábyrgð á eigin lífi og sjá sjálfum sér farþöð með vinnu. Mikið er í húfi að grípa barna fljótt inn í. Hópurinn mætir á námskeiðið þrisvar í viku í nýju menningarhúsi fyrir ungt fólk á Akranesi frá haustinu 2002 til janúar 2003. Á námskeiðinu er lögð áhersla á að bæta líðan og stuðla að jákvæðri sjálfsmynd unglínganna ásamt því að þeir fá félags- og starfsþjálfun. Áætlað er samstarf við stofnanir bæjarins um að unglíngarnir fái tilboð um vinnu samhliða námskeiðinu. Framvinduskýrsla hefur ekki borist.</p>
<p><b>„Víma á vettvangi“ – myndband</b></p> <p>Akureyrarbær – íþrótt- og tómstundadeild</p>	<p><b>400.000</b></p>	<p>Verkefnið felst í samþættingu áfengis- og vímuvarna og kvikmyndagerðar en nemendur í 6. og 7. bekk í Lundarskóla og Síðuskóla á Akureyri vinna myndband um forvarnir sem sýnt verður í skólunum og Aksjón. Framvinduskýrsla hefur ekki borist.</p>

<p><b>Forvarnalykill</b> <b>SAMFOK</b></p> <p>SAMFOK, Reykjavík</p>	<p><b>300.000</b></p>	<p>Markmið verkefnisins er að gera forvarnastarf í grunnskólum markvissara og gera heildstæða áætlun um forvarnastarf í grunnskólum Reykjavíkur. Á árinu 2001 var lokið við gerð almenns upplýsinga- og fræðsluefnis fyrir foreldra, kennara og annað starfsfólk grunnskóla. Auk þess var lokið við gerð efnis fyrir yngsta stig grunnskóla. Stefnt er að útgáfu Forvarnalykilsins, dreifingu hans í grunnskóla Reykjavíkur og kynningu í febrúar 2003. Þess má geta að þó verkefnið sé unnið fyrir skóla í Reykjavík þá nýtist efni hans um allt land.</p>
<p><b>Forvarnastarf foreldra í Kópavogi</b></p> <p>SAMKÓP</p>	<p><b>300.000</b></p>	<p>SAMKÓP eru foreldrasamtök grunnskólabarna í Kópavogi og með starfi sínu hafa þau að markmiði að efla tengsl milli foreldra sem og að stuðla að jákvæðum samskiptum foreldra og unglunga. Samtökin hafa gert foreldrasamning sem tekist hefur að koma á í öllum 7. bekkjum tvö ár í röð. Einnig eru samtökin með foreldrarölt og hafa staðið fyrir útgáfu og verið með fræðslu fyrir foreldra. Framvinduskýrsla hefur ekki borist.</p>
<p><b>Forvarnir í Borgarbyggð</b></p> <p>Borgarbyggð</p>	<p><b>300.000</b></p>	<p>Litið er svo á að til að forvarnastarf beri árangur þurfi það alltaf að vera í gangi – átaksverkefni í ákveðinn tíma sé ekki nóg. Halda á forvarnadaga í skólum Borgarbyggðar í samvinnu við félagsmiðstöðina, þar sem unnið verður að forvarnastarfi. Einnig verður bolum með forvarnaáróðri dreift til unglunga. Áður hefur verið gerð samanburðarkönnun á aðgengi barna og unglunga í byggðalaginu að tóbaki, áfengi, spilakössum og myndbandsspólum í verslunum og á veitingastöðum. Athugað var, í samvinnu við foreldrafélög, aðgengi unglunga að sveitaböllum í héraðinu. Forvarnastarf varðandi þunglyndi unglunga var eitt af áhersluátriðum ársins 2001. Framvinduskýrsla hefur ekki borist.</p>
<p><b>Heimur/trúnaðarsími</b></p> <p>Gamla apótekið á Ísafirði</p>	<p><b>300.000</b></p>	<p>Heimur er samstarfsverkefni Gamla apóteksins og Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæjar um símaþjónustu út af ýmsu sem fólki liggur á hjarta varðandi unglingsárin, s.s. kynlíf, barneignir, getnaðarvarnir, átröskun, sorg, þunglyndi, einmanaleika eða einelti. Hægt er að hringja inn nafnlaust og fullum trúnaði er heitið. Framvinduskýrsla hefur ekki borist.</p>

<p><b>Íþróttanámskrá knattspyrnudeildar, forvörn í fyrirrúmi</b></p> <p>Knattspyrnudeild Hauka, Hafnarfirði</p>	<p><b>300.000</b></p>	<p>Markmið námskrárinnar og verkefnisins er uppbyggjandi íþróttá- og tómstundastarf fyrir börn og ungmenni, á aldrinum 5-20 ára, þar sem fylgt er skráðri vímuvarnastefnu félagsins. Ætlunin er að gefa öllum börnum og unglingum tækifæri til þátttöku í íþróttum, m.a. vegna þess að rannsóknir sýna að ungt fólk, sem stundar íþróttir, ánetjast síður vímuefnum. Liður í verkefninu var fræðsla sem þjálfarar og annað starfsfólk Hauka veitti foreldrum og ungmennum um þetta efni sem og útgáfa bókar um íþróttanámskrána.</p>
<p><b>Landnemar</b></p> <p>Unglingaathvarfið, Keilufelli</p>	<p><b>300.000</b></p>	<p>Verkefnið snýr að 8 unglingum sem sækja markvisst stuðnings- og meðferðarúræði í unglingaathvarfinu, Keilufelli 5. Nær allir eru í áhættuhópi vegna ýmissa ástæðna en hafa tekið þátt í starfsemi athvarfsins í 1½ ár. Lokaáfangi var að ferðast til Danmerkur með hópinn þar sem hann hitti hóp danskra unglinga af meðferðarheimili og saman ferðuðust þau í rútu til Þýskalands og Frakklands. Í ferðinni var dvalið í tjaldbúðum og m.a. var róið á kanóum, farið í göngu á þrautabraut, synt í ám og vötnum auk þess að skoða ýmsa sögufræga staði. Eftir 15 ára starf með unglingum í athvarfinu hefur reynslan sýnt að sumarferðir með unglinga vítt og breitt um landið eflir mjög sjálfsvirðingu þeirra og stuðlar að aukinni lífsfyllingu. Reynslan af ferðinni í Evrópu gerði það sömuleiðis og hafði mjög þroskandi áhrif á unglingana auk þess sem starfsmenn öfluðu sér þar dýrmætrar reynslu sem á eftir að nýtast í starfi með öðrum unglingum í framtíðinni.</p>
<p><b>Forvarnanámskeiðið Öflugt sjálfstraust</b></p> <p>Vímulaus æska</p>	<p><b>250.000</b></p>	<p>Námskeiðið „Öflugt sjálfstraust“ er ætlað foreldrum barna í grunn- og leikskólum og er því ætlað að efla sjálfsmynd þeirra, að þeir séu börnum sínum góð fyrirmynd, læri að þekkja sínar sterku og veiku hliðar og að setja sér skýr markmið. Námskeiðið er eftir sálfræðingana Jóhann Inga Gunnarsson og Sæmund Hafsteinsson og er byggt á myndbandi, geisladiski og vinnubók. Starfsmenn Foreldrahúss sjá um námskeiðin og halda þau bæði í Foreldrahúsinu og fara með það út á land.</p>

<p><b>Langtímaáhrif stelpuhópa, vinna til forvarna</b></p> <p>Lone Jensen og Helga Steinunn Guðmundsdóttir</p>	<p><b>200.000</b></p>	<p>Kynjaskipt hópastarf með unglíngum getur verið ein leið af mörgum sem nýst getur þeim sem eiga á hættu að lenda í áfengis- eða vímuefnanotkun. Fyrir 10 árum var unnið með nokkrum stúlknaþópum á þennan hátt. Í þessu verkefni er kannað hvort og þá hvernig áhrif þessi hópavinna hefur haft á líf stúlkanna og þær spurðar álits á slíkum hópum. Út frá niðurstöðunum verður unninn hugmyndabanki fyrir stelpuhópavinnu. Verklök eru áætluð júní 2003.</p>
<p><b>Móttaka fyrir ungt fólk</b></p> <p>Heilsugæslan á Seltjarnarnesi</p>	<p><b>200.000</b></p>	<p>Markmiðið er að gera heilsugæsluna aðgengilegri ungu fólki á aldrinum 13-20 ára. Móttakan verður opin á mánudögum kl. 16-17 og er unga fólkinu að kostnaðarlausu. Þar á unga fólkið að geta leitað svara við spurningum sem vakna. Einnig getur starfsfólk þá greint andlega og líkamlega vanlíðan unga fólksins og aðstoðað það við lausn vandamála. Markmiðið er jafnframt að heilsugæslan sé virk í forvörnum í tóbaks-, áfengis- og fíkniefnamálum, að hún greini og meðhöndli kynsjúkdóma og veiti ráðgjöf um kynþroska og kynheilbrigði. Aðgengi verður aukið að ráðgjöf um getnaðarvarnir og fóstureyðingar, sálsgæslu, næringu og streitu. Framvinduskýrsla hefur ekki borist.</p>
<p><b>Móttaka fyrir ungt fólk</b></p> <p>Heilsugæslan í Kópavogi</p>	<p><b>200.000</b></p>	<p>Markmiðið er að veita ungu fólki á aldrinum 14-20 ára aðgengilega og ókeypis heilbrigðisþjónustu. Opið verður á mánudögum kl. 15:30-16:30 en hugmynd er um að hafa sér stelpu- og strákatíma. Ungu fólkið getur leitað svara við spurningum sínum eða leitað lausna á vandamálum, s.s. vegna andlegrar líðanar, vímuefnaneyslu, reykinga, áhættuhegðunar, getnaðarvarna, ótímabærrar þungunar, kynsjúkdóma o.fl. Markviss skráning á komum fer fram svo hægt verður að meta árangur af starfinu og sjá hvaða aðstoðar unglíngar þarfnast mest. Framvinduskýrsla hefur ekki borist.</p>

<b>Lífsleikni og forvarnir á Raufarhöfn</b>	<b>100.000</b>	Verkefnið lýtur að unglिंगum á aldrinum 12-16 ára og markmið þess er að efla sjálfstraust og metnað þeirra, hjálpa þeim að setja sér raunhæf markmið og vinna að þeim, aðstoða þá við að taka ábyrgð á lífi sínu og námi, bæta samskipti nemenda innbyrðis og út á við, draga úr reykingum meðal þeirra og koma í veg fyrir neyslu hvers konar vímuefna. Verkefnið hófst árið 2000 og er hér um að ræða samstarfsverkefni grunnskólans og kirkjunnar með stuðningi Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga og heilsugæslustöðvarinnar. Í undirbúningi er foreldrafræðsla.
Grunnskólinn á Raufarhöfn		
<b>Unglingar án vímuefna</b>	<b>100.000</b>	Markmiðið með verkefninu er að treysta þá stefnu Heppuskóla að koma í veg fyrir neyslu tóbaks, áfengis og annarra vímuefna hjá nemendum og fræða þá um hættur og afleiðingar slíkrar neyslu. Þetta er m.a. gert með því að skapa nemendum það umhverfi og áhugasvið að neysla þessara efna verði óæskileg og neikvæð í augum þeirra. Liður í verkefninu var að kynna forráðamönnum, starfsfólki skólans og fleirum aðferðir við forvarnir, áhættuþætti, einkenni neyslu og viðbrögð við þeim.
Heppuskóli, Hornafirði		
<b>Viðbótarúthlutun:</b>		
<b>AA-samtökin</b>	<b>471.000</b>	Styrkur til starfsemi AA- samtakanna að ósk heilbrigðisráðherra.
„Vertu til“	3.500.000	Samstarfsverkefni Áfengis- og vímuvarnaráðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga um að efla áfengis- og vímuvarnir í sveitarfélögum landsins 2002 - 2005.
<b>Fræðslumiðstöð í fíknivörnum</b>	<b>1.100.000</b>	Styrkur til ýmissa verkefna að ósk heilbrigðisráðherra.
<b>Hrókurinn</b>	<b>300.000</b>	Styrkur til Hróksins til að efla áhuga á skákípróttinni meðal barna og unglinga á Íslandi.
<b>Námsmannahreyfingin á Íslandi</b>	<b>300.000</b>	Námsmannahreyfingin á Íslandi

<b>Áfangenheimili</b>	<b>Upphæð</b>	<b>Lýsing</b>
Dyngjan - áfangenheimili	<b>2.500.000</b>	Dyngjan í Reykjavík er áfangenheimili fyrir konur sem lokið hafa áfengismeðferð hvar sem er á landinu. Allt að 15 konum geta dvalið á heimilinu en það fer eftir því hve mörg börn fylgja mæðrum sínum og eða dvelja hjá þeim um helgar. Árið 2002 gistu 34 konur Dyngjuna.
Risið - líknarfélag	<b>2.500.000</b>	Risið, líknarfélag, rekur áfangenheimili í Reykjavík fyrir um 20 karla á öllum aldri sem hafa átt við áfengisvanda að stríða. Markmiðið er að þarna nái þeir að komast inn í þjóðfélagið á ný og lifi án áfengis. Plássin eru 21 og þau gistu 21 maður árið 2002.
Takmarkið - líknarfélag	<b>1.000.000</b>	Líknarfélagið Takmarkið rekur áfangenheimili fyrir karla í Reykjavík, 17 ára og eldri. Þar eru 18 pláss og þangað komu 56 karlar árið 2002.
Vernd- fangahjálp	<b>1.000.000</b>	Vernd er áfangenheimili þar sem konum og körlum gefst tækifæri til að brjótast út úr neikvæðu lífsmynstri við aðstæður sem kynnir þeim heilbrigða lífshætti. Langtímamarkmið er að lifa lífinu án vímuefna. Hjá vernd eru 22 pláss og þau gistu 63 einstaklingar árið 2002.
SÁÁ - áfangenheimili	<b>1.100.000</b>	SÁÁ rekur tvö áfangenheimili í Reykjavík, annað fyrir konur og hitt fyrir karla, samtals 36 pláss.
Byrgið, Rockville	<b>800.000</b>	Byrgið í Rockville er endurhæfingarsambýli í Sandgerði fyrir konur og karla. Árið 2001 gistu 181 einstaklingur heimilið.
Fjólan	<b>700.000</b>	SÁÁ rekur áfangenheimili fyrir karla eldri en 18 ára á Akureyri. Árið 2001 gistu 42 karlar heimilið sem er með 16 pláss.
Samhjálp - stoðbýli	<b>700.000</b>	Stoðbýlið Samhjálp er í Reykjavík og þar eru rúm fyrir 14 manns, jafnt konur sem karla eldri en 18 ára. Dvalartími er frá 2 dögum upp í rúmlega 700 daga. Árið 2002 gistu 37 einstaklingar sambýlið.
Krossgötur	<b>400.000</b>	Krossgötur er sjálfseignarfélag og rekur áfangenheimili í Kópavogi fyrir konur og karla allt niður í 16 ára. Árið 2002 gistu 113 einstaklingar heimilið í 22 - 33 plássum.

<b>Rannsóknastyrkir:</b>	<b>Upphæð</b>	<b>Lýsing</b>
Sigrún Aðalbjarnardóttir	<b>500.000</b>	Rannsóknin „Áhættuhegðun ungs fólks“ er með langtímasniði og hófst hún vorið 1994. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að a) rekja neyslumynstur sama hóps á ýmsum vímuefnum yfir tiltekinn tíma, frá unglingsaldri fram á fullorðinsár b) að athuga áhættuhegðun ungs fólks í tengslum við ýmsa félagslega, uppeldislega og sálfræðilega þætti og c) að kanna sálfélagslegan þroska ungs fólks í tengslum við áhættuhegðun þess.
Hildigunnur Ólafsdóttir	<b>500.000</b>	Markmið rannsóknarinnar er að kanna þátt vínveitingahúsa í áfengisneyslu, áfengismenningu og áfengisstefnu á Norðurlöndum. Viðfangsefnið verður skoðað frá tveimur hliðum, þ.e. kannaður verður þáttur vínveitingahúsa í mótun neysluvenja áfengis og einnig verða rannsökuð áhrif þess aukna vægis sem vínveitingahús hafa fyrir áfengismótun.
Guðberg Jónsson	<b>250.000</b>	Markmið rannsóknarinnar er að fylgjast með andlegri líðan ungmenna og athuga hvort unnt sé að merkja tengsl milli tiltekinna atburða í lífi ungs fólks og þess hvernig því líður hverju sinni. Gögnum um hagi, heilsu og atburði í lífi úrtaksunglinga verður safnað í dagbókarformi með rafrænum hætti og hugbúnaðurinn Theme notaður til að greina í þeim ferli.
Ragný Þóra Guðjohnsen	<b>200.000</b>	Markmið rannsóknarinnar er að kanna lögmæti dulinna áfengisauglýsinga í fjölmiðlum. Jafnframt verða könnuð viðhorf barna og unglunga til auglýsinganna með sérstöku tilliti til nýlegra rannsókna sem hafa sýnt að eldri börn og unglingar eru sérstaklega móttækileg fyrir áfengisauglýsingum. Lokið verður við úrvinnslu gagna í janúar-mars 2003 og greinaskrif fara fram í apríl-júní 2003.

## 10. Framkvæmdaáætlun 2003

### 1. Allar aðgerðir ráðsins byggjast á niðurstöðum markvissra rannsókna og eru metnar með tilliti til árangurs.

Unnið er samkvæmt rannsóknaráætlun Áfengis- og vímuvarnaráðs sem samþykkt var á fundi ráðsins 27. nóv. 2001.

#### *Huga þarf að:*

- Hvar sé þörf á rannsóknum hverju sinni.
- Neyslukönnunum meðal ýmissa aldurshópa.
- Eigindlegum rannsóknum (qualitative), t.d. á líðan barna og unglinga.
- Rannsóknum til að meta árangur af verkefnum.
- Rannsóknum sem hafnar eru en ekki er lokið við að vinna úr.
- Samstarfi við aðra sem stunda rannsóknir á lýðheilsu og lífsstíl.

#### *Áætlun 2003:*

- Áfengi og önnur vímuefni: Ýmsar tölulegar upplýsingar. Endurútgáfa.
- ESPAD og ungt fólk.
- Eyjaverkefni í samstarfi við Grænland, Áland og Færeyjar, lýkur í des. 2003.
- Þátttaka í norrænu og alþjóðlegu samstarfi eftir föngum (NAD, Pompidou, EMCDDA, Kettil Bruun samtökunum, Norrænu vímuvarnaráðstefnunni, EkNarko).
- Leggja áherslu á úrvinnslu og undirbúning rannsókna á lífsstíl unglinga og áhrif jafningjahópsins.

### Forvarnasjóður nýttist til fjölbreyttra forvarnaverkefna um land allt.

#### *Huga þarf að:*

- Skiptingu styrkja milli landshluta.
- Niðurstöðum nýjustu kannana og upplýsinga.
- Grasrótastarfi í sveitarfélögum, meðal foreldra, innan heilsugæslu, skóla og tómstundastarfs.
- Samráði, samræmingu og samvinnu um forvarnaverkefni.

#### *Framkvæmd:*

- Auglýsa styrki úr Forvarnasjóði sunnudaginn 5. janúar 2003.
- Kynna Forvarnasjóð í fjölmiðlum sérstaklega um svipað leyti og auglýst verður.
- Úthluta styrkjum úr Forvarnasjóði fyrir 1. maí 2003.
- Upplýsingabæklingur um Forvarnasjóð verði tilbúinn í ársbyrjun.
- Öll verkefni, sem njóta styrkja úr Forvarnasjóði, verði merkt með einkennismerki Áfengis- og vímuvarnaráðs.
- Fylgjast með framkvæmd og kynna stöðu verkefna sem hlutu styrki árið 2002 á vefnum og í ársskýrslu.

### **3. Ráðið hvetur til þess að skólar, heilbrigðisstofnanir og íþrótt- og æskulýðsstofnanir móti sér uppbyggilega vímuvarna- og íhlutunarstefnu.**

#### ***Huga þarf að:***

- Menntun /þjálfun starfsfólks.
- Úrræðum sem fyrir hendi eru.
- Viðmóti starfsfólks.
- Fræðslu sem veitt er í vímuvörnum.

#### ***Framkvæmd:***

- Stuðla að því að unnið sé eftir markaðri vímuvarnastefnu á sem flestum sviðum.
- Útgáfa á fræðsluefni til notkunar í samtölum við einstaklinga og kennslu í hópi, t.d. innan heilsugæslunnar, félagsþjónustu og í lífsleikni í skólum.
  - Vímuefni og meðganga - endurútgáfa.
  - Fræðslubæklingur um áfengi fyrir almenning.
- Námskeið um vímuvarnir fyrir valda markhópa í samvinnu við fulltrúa markhópanna, t.d. fyrir starfsfólk skóla, heilsugæslu og íþrótt- og tómstundastarfs.

### **4. Áfengis- og vímuvarnaráð reki aðgengilegt, þjónustumiðað gagnasafn og heimasíðu og hafi í boði úrval fyrirlestra og kynningarefnis fyrir foreldra, skóla og almenning.**

#### ***Huga þarf að:***

- Samstarfi um upplýsingaflæði á vímuvarnavettvangi.
- Gagnsemi og nýtingu upplýsinga á vegum Áfengis- og vímuvarnaráðs.

#### ***Framkvæmd:***

- Kynna gagnasafnið sem víðast – beðið eftir nýju bókasafnskerfi.
- Byggja upp og viðhalda heimasíðunni [www.vimuvarnir.is](http://www.vimuvarnir.is) með nýjum, aðgengilegum upplýsingum.
- Viðhalda lista yfir fyrirlestra og fyrirlesara um vímuvarnir á heimasíðunni.
- Viðhalda lista yfir námskeið á sviði vímuvarna á heimasíðunni.
- Viðhalda lista og upplýsingum um ráðstefnur og námskeið.

### **5. Áfengis- og vímuvarnaráð leggur áherslu á að veita almenningi, stofnunum og fyrirtækjum þjónustu með því að hafa á boðstólum fræðslu, ráðgjöf og úrræði á sviði vímuvarna.**

#### ***Huga þarf að:***

- Tækifærum sem gefast við persónuleg samskipti fagaðila og fjölskyldna.
- Hefðbundnum aðstæðum þar sem þeir sem vinna að málefnum barna og fjölskyldna þeirra hitta markhóp sinn.
- Námskeiðum, fræðslu og stuðningi við hæfi.

#### ***Framkvæmd:***

- Stuðla að fyrirlestrum um margvísleg málefni sem tengjast vímuvörnum fyrir mismunandi markhópa, t.d. í samstarfi við fræðsluhópinn „Náum áttum“.
- Standa að íslenskri haustráðstefnu með þátttöku erlendra gestafyrirlesara fyrir starfsfólk á sviði vímuvarna og áhugasama leikmenn til að efla og styðja vímuvarnastarf í landinu, t.d. í samstarfi við fræðsluhópinn „Náum áttum“.

## **6. Áfengis- og vímuvarnaráð vill stuðla að auknum skilningi uppalenda og starfsfólks skóla á tengslum þroskaröskunar og áhættuhegðunar.**

### ***Huga þarf að:***

- Fjölbreytni og fjölgreind einstaklinga.
- Mismunandi þroskahraða barna og unglunga á hverju æviskeiði og mismunandi þroskastigi barna innan hvers æviskeiðs.
- Framboði fjölbreyttra viðfangsefna á sviði t.d. lista og íþróttar til að opna nýjar leiðir til sjálfsstyrkingar.
- Tengslum barna við fjölskyldu, vini og þá sem sinna þeim í daglegu lífi.
- Þverfaglegu samstarfi þeirra sem vinna við uppeldi og umönnun barna og unglunga.
- Kynningu á niðurstöðum rannsókna um áhrif uppeldisaðferða á það hvort og hvenær unglingar leiðast út í neyslu áfengis eða annarra vímuefna.
- Almenningsfræðslu um áherslur í forvarnastarfi.

### ***Framkvæmd:***

- Stuðla að aukinni þekkingu uppalenda barna og starfsfólks leikskóla og skóla á uppeldisaðferðum og viðbrögðum sem styðja og styrkja börn með þroskaröskun.
- Efla framboð námsefnis á þessu sviði, námskeiða og fyrirlestra fyrir foreldra og aðra sem vinna að uppeldi barna og unglunga.
- Stuðla að þróunarverkefnum á þessu sviði.
- Vinna að því að vekja athygli á hættum sem ógna börnum og ungmönnum.
- Vekja athygli á lagalegri ábyrgð foreldra á uppeldi barna fram að 18 ára aldri.
- Hvetja til jákvæðra samskipta fjölskyldunnar á sérstökum tímamótum.
- Hafa á boðstólum segulmottur með útivistarreglum fyrir sveitarfélög sem vilja senda þær til heimila skólabarna.
- Hvetja alla sem starfa með börnum til uppbyggilegra samskipta við börn og unglunga.

## **7. Áfengis- og vímuvarnaráð starfar markvisst að vímuvörnum í sveitarfélögum landsins í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga.**

### ***Huga þarf að:***

- Mismunandi aðstöðu sveitarfélaganna í landinu til að bjóða ungu fólki fjölbreytt og uppbyggileg viðfangsefni.
- Mismunandi aðgengi sveitarfélaganna að úrræðum fyrir börn og unglunga sem þurfa á aðstoð að halda við nám eða af öðrum ástæðum.
- Reynslu af *Íslandi án eiturlyfja* og sveitarfélagaverkefni SÁÁ og heilbrigðisráðuneytisins.
- Samvinnu við fjölmiðla.

### ***Framkvæmd:***

- Markmið og áherslur verkefnisins skilgreindar.
- Vinnuferli lýst.
- Ráðgjöf og upplýsingamiðlun um skipulag og framkvæmd forvarnastarfs gagnvart ungu fólki.
- Kanna það að koma á reglulegum pistlum um vímuvarnir hjá þáttum eins og Íslandi í bítíð, Morgunútvarpinu og öðrum þáttum sem taka fyrir ýmis samfélagsmál.
- Hugsanlega að velja ákveðna staði til að vera tilraunasveitarfélög.

**8. Áfengis- og vímuvarnaráð markar stefnu um hvernig hægt er að sjá við öflugri og markvissri markaðssetningu vímuefna sem er drifkrafturinn í sívaxandi vímuefnaneyslu á Vesturlöndum.**

***Huga þarf að:***

- Aðferðum við markaðssetningu og dreifingu vímuefna.
- Aukinni glæpatíðni og ofbeldi vegna sölu og dreifingu ólöglegra vímuefna.
- Viðbrögðum annarra landa við markaðssetningu og dreifingu vímuefna.
- Verkan mismunandi lagasetningar og aðferða við eftirlit á neyslu vímuefna.
- Eflingu vímuvarna í samræmi við aukna þörf.

***Framkvæmd:***

- Hvetja til að viðeigandi viðurlögum sé beitt við lögbrot vegna fjármögnunar, sölu og dreifingar ólöglegra vímuefna.
- Hvetja til rannsókna á aðferðum við dreifingu og markaðssetningu vímuefna.
- Hvetja til rannsókna á árangri annarra landa af viðbrögðum við vaxandi markaðssetningu og dreifingu ólöglegra vímuefna.
- Standa vörð um lög og reglur sem draga úr framboði og neyslu vímuefna í umhverfi barna og unglunga.
- Hvetja til að lögum og viðurlögum við lögbrotum sé breytt ef rannsóknir benda til að breytinga sé þörf.
- Hvetja stjórnvöld til að efla forvarnir í samræmi við aukna neyslu vímuefna og skaðsemi vegna hennar.
- Hvetja til stofnunar starfshópa um hugsanleg viðbrögð almennings við auknum glæpum og ofbeldi í samfélaginu, t.d. við handrukkanir.

**9. Áfengis- og vímuvarnaráð vill skilgreina áhrif jafningjahópsins á lífsstíl unglunga og unglíngamenningu.**

***Huga þarf að:***

- Hvaða upplýsingar liggja fyrir um unglíngamenningu og lífsstíl unglunga.
- Hvað ræður stefnum og straumum í jafningjahópnum.

***Framkvæmd:***

- Efna til verkefna með þátttöku unglunga.
- Þinga með unglíngum um lífsstíl unglunga.
- Efna til umræðna um lífsstíl unglunga með þátttakendum í Eyjaverkefni á norrænni ráðstefnu í Reykjavík haustið 2003.
- Virkja vinnuafli ungs fólks í vímuvarnastarfi með því að draga þau inn í ákvarðanatöku og stefnumótun á sviði vímuvarna sem víðast.
- Viðurkenna og efla frumkvæði ungs fólks í vímuvarnastarfi hvarvetna.